

# Stjórnartíðindi

## 2003 - B-deild - B66-70

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 66-70**

**Nr. 421-442**

**2003**

## Efnisyfirlit B 66–70 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
421	5. júní	Auglýsing um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík .....	1385-1386
422	6. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um útgáfu húsbrefta á árinu 2001 fyrir Íbúðalánasjóð nr. 231/2001 .....	1386
423	10. júní	Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 679/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti .....	1387
424	11. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 69, 4. febrúar 2003, um veiðar á úthafskarfastofnunum 2003 .....	1388
425	11. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 543, 22. júlí 2002, um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri .....	1388
426	11. júní	Samþykkt um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík .....	1389-1391
427	13. júní	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	1392
428	26. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang .....	1393-1396
429	30. maí	Reglur frumgreinadeildar Tækniháskóla Íslands .....	1396-1400
430	21. maí	Samþykkt um bann við lausagöngu stórgripa á Austur-Héraði .....	1400-1403
431	11. júní	Reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis.....	1403-1414
432	11. júní	Reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr	1414-1422
433	20. maí	Samþykkt um búfjárhald í Snæfellsbæ .....	1423-1424
434	3. júní	Reglugerð um sérfræðiráð Lýðheilsustöðvar .....	1424-1425
435	22. maí	Auglýsing Persónuverndar um flutning persónuupplýsinga til annarra landa .....	1425-1426
436	10. júní	Auglýsing um deiliskipulag 1,2 ha spildu úr landi Óskots fyrir 2 frístundahús, Mosfellsbæ .....	1426
437	2. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum .....	1427
438	12. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum .....	1427
439	12. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi	1428
440	30. maí	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (VI) .....	1428-1429
441	10. júní	Reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og bein- greiðslur til bænda verðlagsárið 2003-2004 .....	1429-1432
442	11. júní	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur	1432

# STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 2003

5. júní 2003

1385

Nr. 421

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

*Frostaskjól 2-4 (svæði KR), deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 28. janúar 2003, deiliskipulag fyrir íþróttasvæði KR, Frostaskjól 2-4.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grafarholt austur, breyting á deiliskipulagi varðandi lóðirnar nr. 11-21 við Þórðarsveig.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi austurhluta Grafarholts varðandi lóðirnar nr. 11-21 við Þórðarsveig.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Vatnsgeymar á Reynisvatnsheiði, deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. janúar 2003, deiliskipulag fyrir vatnsgeyma á Reynisvatnsheiði.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Heilsuverndarreitir, Snorrabraut, Egilsgata, Barónsstígur, Bergþórugata, deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 11. apríl 2003, endurskoðað deiliskipulag fyrir Heilsuverndarreit sem afmarkast af Snorrabraut, Egilsgötu, Barónsstíg og Bergþórugötu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Norðlingaholt, deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 11. apríl 2003, deiliskipulag fyrir nýbyggingarsvæði í Norðlingaholti við Elliðavatn. Á fundi sínum, þann 3. júní 2003, samþykkti borgarráð að fresta skipulagi norðausturhluta svæðisins.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 5. júní 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um útgáfu húsbrefa á árinu  
2001 fyrir Íbúðalánasjóð nr. 231/2001.**

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður:

**Reglugerð um útgáfu húsbrefa á árunum 2001, 2002 og 2003 fyrir Íbúðalánasjóð.**

2. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Samanlögð fjárhæð samþykkttra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 2001 ásamt 1. og 2. flokki 1998 skal ekki fara umfram 92.300 milljónir króna á árunum 2001, 2002 og 2003 m.v. reiknað markaðsvirði húsbrefanna.

3. gr.

Í stað orðanna „vaxtalögum nr. 25/1987“ í 1. másl. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4. gr.

3. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Húsbrefaflokkunum skal lokað eigi síðar en 15. september 2004.

5. gr.

Í stað orðanna „laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981“ í 9. gr. reglugerðarinnar kemur: laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 24. gr. og 29. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. júní 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Óskar Páll Óskarsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 2003

10. júní 2003

1387

Nr. 423

## REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 679/2002 um úthlutun  
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á kartöflum í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	16.06.03. - 30.06.03.	ótilgr.	0	0
<i>Tollnúmer:</i>					
0701.9000	Kartöflur, aðrar	16.06.03. - 30.06.03.	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júní 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 69, 4. febrúar 2003,  
um veiðar á úthafskarfastofnunum 2003.

1. gr.

1. og 2. tl. 1. gr. breytast þannig:

1. 65°37'N - 29°33'V
2. 63°10'N - 25°50'V

2. gr.

1. og 2. tl. 1. mgr. 3. gr. breytast þannig:

1. 65°37'N - 29°33'V
2. 63°10'N - 25°50'V

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. júní 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Eyþórsson.*

Nr. 425

11. júní 2003

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 543, 22. júlí 2002,  
um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.

1. gr.

Á eftir orðunum: „milli eftirgreindra punkta“ í 1. mgr 6. gr. komi:

1. 65°37'N - 29°33'V
2. 63°10'N - 25°50'V
3. 62°00'N - 27°00'V
4. 60°22'N - 24°20'V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. júní 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2003

11. júní 2003

1389

Nr. 426

## SAMÞYKKT

### um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík.

#### 1. gr.

Markmið borgarstjórnar Reykjavíkur með samþykkt þessari er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Reykjavík með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð umráðamanna búfjárins.

Með búfé í samþykkt þessari er átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín.

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

Heimilt er að ráða sérstakan vörslumann borgarlandsins eða að semja við einstaklinga, félög eða stofnanir um að annast vörsluna.

Búfjäreftirlitsmaður eða eftir atvikum sérstakur vörslumaður borgarlandsins annast framkvæmd samþykktarinnar í umboði umhverfis- og heilbrigðisnefndar.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi tekur til alls búfjárhalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Búfjárhald er óheimilt í Reykjavík nema þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir því í skipulagi. Umhverfis- og heilbrigðisnefnd getur þó veitt leyfi til búfjárhalds á öðrum stöðum að fenginni umsögn skipulags- og byggingarsviðs og með þeim skilyrðum er greinir í samþykkt þessari.

Allt búfé, nema svín, alifuglar og loðdýr, skal greinilega merkt og skráð á nafn leyfishafa.

#### 3. gr.

Nú telur umhverfis- og heilbrigðisnefnd, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til tiltekins tíma. Heimilt er að takmarka leyfi við ákveðinn búfjárfjölda.

#### 4. gr.

Vörsluskylda er á öllu búfé allt árið og er búfjárhaldið að öllu leyti á ábyrgð umráðamanns búfjárins. Það er skilyrðislaus krafa um að hann ábyrgist að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis og gangi ekki laust utan þess, sbr. reglugerð nr. 59/2000 um vörslu búfjár.



Vörsluhólf skulu afmörkuð gripheldum girðingum og náttúrulegum farartálmum sem koma í veg fyrir frjálsa för búfjár og ber umráðamaður búfjárins ábyrgð á að svo sé.

Um kostnað við uppsetningu girðinga og viðhald fer eftir ákvæðum girðingalaga nr. 135/2001 og vegalaga nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að sleppa sauðfé til sumarbeitar inn á sameiginlegt sumarbeitiland ofan vörslugirðingar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Vörslugirðingin nær frá Laxá í Kjós um Stóra-Sauðafell, niður með Rjúpnagili, með Þingvallavegi að Leirvogsa, vestan Leirvogsvatns að Vatnsrétt, að Bringnalandi, milli Grímmansfells og Háamels, að Hulduhóli, yfir Miðdalsheiði og Elliðakotsheiði að Suðurlandsvegi ofan Fossvalla. Þaðan um Fóelluvötn og Öldur, um Hellisheiði norðan Svínahrauns, að Kolviðarhóli, upp Hellisskarð, um Orustuhólshraun, að Hengladalaá og Hveragerðisgirðingu í Kömbum. Innan þessarar girðingar hefur beitarland jarðarinnar Fellsenda í Þingvallasveit verið girt af með girðingu sem liggur í suðurátt meðfram Kjósarskarðsvegi frá Grjótá, við afleggjara að Fellsenda að Þingvallavegi að norðanverðu. Þaðan liggur girðingin í vesturátt sunnan Litla-Sauðafells meðfram Þingvallavegi, að girðingu um höfuðborgarsvæðið vestan Bugðu. Þetta beitarland Fellsenda tilheyrir ekki sameiginlegu vörsluhólfi.

Um beitarnýtingu á þessu sameiginlega sumarbeitilandi fer eftir fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 401/1996. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu bera ábyrgð á þessu sameiginlega vörsluhólfi.

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd er heimilt að semja við tiltekna fjárbændur á lögbýlum um afnot af sérstökum beitarhólfum norðan Mosfellsbæjar, enda sé samið um afnotin til tiltekins tíma og viðkomandi fjárbændur hafi ekki upprekstrarétt á Mosfellsheiði.

#### 5. gr.

Forðast ber að gera afréttarfé ónæði svo sem með óþarfa akstri vélknúinna ökutækja utan vega.

#### 6. gr.

Búfénað sem sleppur úr vörslu skal taka hvar sem til hans næst og færa í örugga vörslu, sem búfjárefntirlitsmaður, eða sérstakur vörslumaður sér um. Umráðamanni búfjárins skal tilkynnt um gripina eftir því sem unnt er og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, s.s. vegna tjóns sem gripirnir hafa valdið og kostnað við handsömun þeirra, fóðrun og hýsingu. Ef umráðamaður hefur ekki hirt um að sækja gripi eða greiða áfallinn kostnað innan 10 daga frá því að honum hefur verið tilkynnt um það þá er heimilt að afturkalla leyfi viðkomandi til búfjánhalds í Reykjavík. Um meðferð þess búfjár fer þá eftir 15. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 401/1996.

Halda skal skrá um lausagöngufénað með sem gleggstum upplýsingum um einstaka gripi, svo sem um eigendur, mörk, númer og lit.

#### 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum og fer um meðferð mála út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Ef leyfishafi brýtur gegn skilyrðum leyfisveitingar eða ef búfjánhald stríðir gegn samþykkt þessari, lögum um búfjánhald o.fl. og reglugerðum settum samkvæmt þeim getur umhverfis- og heilbrigðisnefnd afturkallað leyfi viðkomandi til búfjánhalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

## 8. gr.

Telji einhver á rétt sinn hallað við framkvæmd á samþykkt þessari getur hann skotið málinu til umhverfis- og heilbrigðisnefndar. Ákvörðun umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur má skjóta til borgarráðs.

## 9. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið í borgarstjórn Reykjavíkur er sett með heimild í 5. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 461 frá 3. nóvember 1986 um búfjárhald í Reykjavík og auglýsing hreppsnefndar Kjalarneshrepps um bann við lausagöngu hrossa í Kjalarneshreppi frá 13. júní 1988.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. júní 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 2003

Nr. 427

1392

13. júní 2003

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Engjavegur 8, lóð Laugardalshallar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Engjaveg 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Grjótaþorp, Aðalstræti 16.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 3. júní 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Aðalstræti 16.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 13. júní 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 2003

26. maí 2003

1393

Nr. 428

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki, VII. viðauki, sem birtur er í fylgiskjali 1 með reglugerð þessari.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki, VIII. viðauki, sem birtur er í fylgiskjali 2 með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnarnir. Einnig er höfð hliðsjón af tölul. 32a, XX. viðauka EES-samningsins tilskipun 91/689/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 26. maí 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

### **Fylgiskjal 1.**

#### VII. VIÐAUKI

Flokkar eða helstu gerðir af spilliefnum flokkað eftir því hvers eðlis úrgangurinn er eða frá hvaða starfsemi hann kemur<sup>(\*)</sup> (úrgangurinn getur verið fljótandi, eðja eða í föstu formi).

#### **Listi I.A:**

**Úrgangur sem hefur einhvern af eiginleikum í III. viðauka og er:**

1. anatómísk efni; úrgangur frá sjúkrahúsum;
2. lækningavörur, lyf og dýralækningaefni;

<sup>(\*)</sup> Vissar hliðstæður við færslur í VIII. viðauka eru af ásettu ráði.

3. viðarvarnarefni;
4. sæfiefni og varnarefni,
5. leifar efna sem eru notuð sem leysar;
6. halógeneruð lífræn efni sem eru ekki notuð sem leysar, að undanskildum hvarfgjörnum fjölliðuefnum;
7. vökvar til yfirborðsmeðferðar sem innihalda sýaníð;
8. jarðolíur og efni sem innihalda olíu (t.d. sögunarolífa);
9. olíu/vatns- eða kolvatnsfna/vatnsblöndur, fleyti;
10. efni sem innihalda PCB og/eða PCT (t.d. rafeinangrandi efni);
11. tjöruborin efni úr hreinsun, eimingu eða hitasundrun (t.d. botnfall úr eimingu);
12. blek, litarefni, dreifulitir, málning, lökk, fernis;
13. trjávöðva, latex, plastmýkingarefni, lím;
14. óþekkt og/eða ný efni úr rannsóknum, þróun eða kennslustarfi og sem ekki er vitað hvaða áhrif hafa á menn og/eða umhverfi (t.d. rannsóknarstofuúrgangur);
15. flugeldar og annað sprengiefni;
16. ljósmyndunar- og framköllunarefni;
17. efni sem er mengað með einhvers konar fjölklóruðu díbensófúrani;
18. efni sem er mengað með einhvers konar fjölklóruðu díbensó-p-ðíoxíni.

#### Listi I.B:

#### Úrgangur sem inniheldur eitthvert efnanna í VIII. viðauka og hefur einhvern af eiginleikum í III. viðauka og er:

19. dýra- eða jurtasápur, -feiti, -vax;
20. óhalógeneruð lífræn efni sem eru ekki notuð sem leysar;
21. ólífræn efni, án málma eða málmsambanda;
22. aska og/eða gjall;
23. mold, sandur, leir, þar á meðal dýpkunargróftur;
24. vökvar til yfirborðsmeðferðar sem innihalda ekki sýaníð;
25. málmryk, duft;
26. notaðir hvatar;
27. vökvar eða eðja sem inniheldur málma eða málmsambönd;
28. úrgangur úr mengunarvarnarmeðferð (t.d. ryk frá loftsum), að undanskildum 29., 30. og 33. lið;
29. þvottaskólp;
30. eðja frá vatnshreinsistöðvum;
31. leifar úr afkolsýringu;
32. leifar frá jónaskiptisúlu;
33. seyra, ómeðhöndluð og óhæf til notkunar í landbúnaði;
34. leifar frá hreinsun geyma og/eða búnaðar;
35. óhreinn búnaður;
36. óhrein ílát (t.d. pakkningar, gaskútar o.s.frv.) sem í hefur verið eitt eða fleiri af efnunum í VIII. viðauka;
37. rafgeymar og rafhlöður;
38. jurtaolíur;
39. efni sem er ættað úr flokkuðu heimilissorpi og hefur einhvern af eiginleikum í III. viðauka;
40. annar úrgangur sem í eru efni tilgreind í VIII. viðauka og sem hefur einhvern af eiginleikum í III. viðauka.

**Fylgiskjal 2.**

## VIII. VIÐAUKI

Efni sem gera úrgang tilgreindan í lista I.B í VII. viðauka hættulegan þegar hann hefur eiginleikana sem lýst er í III. viðauka:

Úrgangur sem inniheldur:

- C1 beryllíum, beryllíumsambönd;
- C2 vanadíumsambönd;
- C3 króm-6-sambönd;
- C4 kóbolt-sambönd;
- C5 nikkelsambönd;
- C6 koparsambönd;
- C7 sinksambönd;
- C8 arsen, arsensambönd;
- C9 selen, selensambönd;
- C10 silfursambönd;
- C11 kadmíum, kadmíumsambönd;
- C12 tin-sambönd;
- C13 antímon, antímonsambönd;
- C14 tellúr, tellúrsambönd;
- C15 baríumsambönd; nema baríumsúlfat;
- C16 kvikasilfur, kvikasilfurssambönd;
- C17 þallíum, þallíumsambönd;
- C18 blý, blýsambönd;
- C19 ólífræn súlfíð;
- C20 ólífræn flúorsambönd, nema kalsíumflúoríð;
- C21 ólífræn sýaníð;
- C22 eftirfarandi alkálí- eða jarðalkalímálmur: litíum, natríum, kalíum, kalsíum, magníum í ósamsettu formi;
- C23 súrar lausnir eða sýrur í föstu formi;
- C24 basískar lausnir eða basar í föstu formi;
- C25 asbest (ryk og trefjar);
- C26 fosfór: fosfór-sambönd, nema málmfosföt;
- C27 málmkarbónýl;
- C28 peroxíð;
- C29 klóröt;
- C30 perklóröt;
- C31 asíð;
- C32 PCB og/eða PCT;
- C33 efnasambönd til lækninga- eða dýralækninga;
- C34 sæfiefni og varnarefni;
- C35 smitandi efni;
- C36 kreósót;
- C37 ísósýanöt, þíósýanöt;
- C38 lífræn sýaníð (t.d. nítríl) o.s.frv.;
- C39 fenól, fenólsambönd;
- C40 halógeneraðir leysar;
- C41 lífrænir óhalógeneraðir leysar;

- C42 lífræn halógensambönd, nema óhvarfgjörn fjölliðuefni og önnur efni sem eru nefnd í þessum viðauka;
- C43 arómatísk sambönd; fjölhringa og heteróhringliða lífræn sambönd;
- C44 alífatísk amín;
- C45 arómatísk amín;
- C46 eterar;
- C47 sprengiefni, nema sprengiefni nefnt annars staðar í viðaukanum;
- C48 lífræn brennisteinssambönd;
- C49 allar gerðir fjöklóraðs díbensófurans;
- C50 allar gerðir fjöklóraðs díbensó-p-díoxíns;
- C51 vetniskolefni og súrefni þeirra; köfnunarefnis- og/eða brennisteinssambönd, ótiltekin annars staðar í þessum viðauka.

## REGLUR

### frumgreinadeildar Tækniháskóla Íslands.

#### Hlutverk.

##### 1. gr.

Við Tækniháskóla Íslands starfar frumgreinadeild á framhaldsskólastigi samkvæmt sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið. Meginmarkmið deildarinnar er að tryggja verkmenntuðu fólki og fólki með starfsreynslu viðhlítandi undirbúning að námi í háskóladeildum skólans. Frumgreinadeild býður nemendum er ekki uppfylla lágmarksskilyrði til inngöngu í háskólann allt að tveggja ára undirbúningsnám. Ljúki nemandi viðeigandi prófum úr frumgreinadeild á hann rétt til inngöngu í háskóladeildir Tækniháskólans, í samræmi við inntöku-skilyrði einstakra námsbrauta.

#### Stjórnskipulag.

##### 2. gr.

Stjórnskipulega heyrir deildin undir embætti rektors sem ræður deildarstjóra til þriggja ára í senn. Stjórnun deildarinnar er falin deildarstjóra, fagráði, deildarráði og deildarfundi eftir því sem nánar er tilgreint í reglum þessum. Deildarstjóri hefur, í umboði rektors, yfirlýsningu með kennslu, prófum og annarri starfsemi deildarinnar. Hann hefur umsjón með mati á umsóknum um inngöngu í deildina í samráði við deildarforseta háskóladeilda.

Deildarstjóri hefur á hendi stjórnun deildarinnar. Hann skipuleggur og skráir vinnu kennara, leiðbeinenda og gestafyrirlesara og hefur umsjón með þátttöku kennara í stjórnun deildarinnar. Hann hefur á hendi samræmingu og endurskoðun námsefnis í deild sinni og gerð náms- og kennsluskrár. Deildarstjóri leggur drög að fjárhagsáætlun deildarinnar fyrir rektor og hefur, í umboði rektors, yfirlýsningu með starfsemi og rekstri deildarinnar.

Deildarstjóra til ráðgjafar er fagráð, þar sem deildarstjóri er formaður. Í fagráði eiga sæti, auk deildarstjóra, tveir fulltrúar kennara úr frumgreinadeild kosnir á deildarfundi til tveggja ára í senn, einn fulltrúi nemenda úr háskóladeild sem verið hefur nemandi í frumgreinadeild kjörinn til eins árs í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans og þrjú fulltrúar háskóladeilda skólans: einn úr tæknideild, einn úr heilbrigðisdeild og einn úr rekstrardeild tilnefndir til tveggja ára í senn af viðkomandi deildarráði. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði deildarstjóra. Fagráð er stefnumótandi og ákvarðandi um starf deildarinnar hvað

varðar námsgreinar og námsskipulag. Fagráð skal með ákvörðunum sínum vinna að því meginmarkmiði frumgreinadeildar að búa nemendur undir nám í háskóladeildum skólans. Ákvarðanir fagráðs skal leggja fyrir rektor til samþykktar.

Við frumgreinadeild starfar deildarráð sem er skipað til eins árs í senn. Í deildarráði eiga sæti deildarstjóri sem jafnframt er formaður, kennarar sem eru umsjónarmenn námsgreina og einn nemandi kjörinn í samræmi við reglur nemendafélags skólans. Deildarráð skilgreinir námskröfur, setur meginreglur um námsmat og mat á öðru námi, mótar náms- og kennsluskrá fyrir deildina og reglur um inntöku nemenda og val á umsjónarmönnum námsgreina. Deildarráð fylgist með gæðum náms og kennslu í deildinni og ákveður úrbætur eftir því sem þörf gerist. Deildarráð hefur samvinnu við háskóladeildir og yfirstjórn háskólans. Deildarráð fjallar um álitamál og ágreiningsefni sem upp kunna að koma í deildinni. Deildarstjóri gerir rektor grein fyrir samþykktum deildarráðs og leitar samþykkis hans eftir því sem við á. Deildarráð fundar að lágmarki einu sinni í mánuði á starfstíma skólans.

Deildarfundir í frumgreinadeild skulu haldnir a.m.k. einu sinni á önn. Deildarfundi sitja allir kennarar við deildina sem kenna a.m.k. einn áfanga og einn nemandi frá hverri bekkjardeild. Á deildarfundi, sem er umræðuvettvangur deildarinnar, er fjallað um allt er lýtur að kennslu, svo sem aðferðir og kennslugögn.

Rektor staðfestir, með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í apríl ár hvert, dagatal, náms- og kennsluskrá frumgreinadeildar fyrir komandi skólaár. Í námskrá er kveðið á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins. Í kennsluskrá er m.a. gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmatí.

### **Kennarar.**

#### **3. gr.**

Þeir einir geta orðið fastráðnir kennarar frumgreinadeildar sem lokið hafa hið minnsta BA- eða BSc-prófi. Rektor ræður kennara en deildarstjóra er heimilt, í umboði rektors, að ráða stundakennara. Kennarar frumgreinadeildar eru starfsmenn Tækniháskóla Íslands, ráðnir sem frumgreinadeildarkennarar. Kennarar frumgreinadeildar heyra því ekki undir lög um háskóla þar sem kveðið er á um hæfnismat til að gegna stöðu háskólakennara.

Rektor er heimilt að veita ótímabundið ráðnum kennurum frumgreinadeildar leyfi um allt að eins árs skeið á föstum launum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um það hvernig umsækjandi hyggst verja leyfinu til að auka þekkingu sína. Leita skal umsagnar deildarráðs varðandi umsóknir kennara um leyfi. Leyfisveitingar skulu miðast við fjárveitingar skólans og gildandi kjarasamninga. Vinnuhópur sem rektor skipar setur reglur um námsleyfi frumgreinadeildarkennara.

### **Inngönguskilyrði nemenda.**

#### **4. gr.**

Eftirtaldir geta fengið inngöngu í frumgreinadeild:

1. Þeir sem lokið hafa skilgreindu starfsnámi, þ.e. burtfararprófi úr iðn-, verkmennta-, fjölbrautaskóla eða sambærilegu námi, geta hafið nám á 2. önn. Ekki er gerð krafa um sveinspróf.
2. Þeir sem lokið hafa skilgreindu starfsnámi og viðbótarnámi (sbr. auglýsingu menntamálaráðuneytisins nr. 371/2001) geta hafið nám á 3. önn frumgreinadeildar hafi þeir eftirfarandi bóklegar einingar til viðbótar við starfsnámið: 3 einingar í íslensku, ensku og dönsku, 6 einingar í stærðfræði, þ.e. stæ 203 og stæ 303, 3 einingar í eðlisfræði, þ.e. eðl 103, 3 einingar í efnafræði, þ.e. efn 103 og 3 einingar í þýsku, þ.e. þýs 103, skv. lýsingu á þessum áföngum í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 1999.
3. Þeir sem náð hafa 20 ára aldri og hafa allt að tveggja ára starfsreynslu sem viðkom-



andi háskóladeild metur. Það er háð fjölda bóklegra eininga inn á hvaða önn slíkir umsækjendur raðast.

4. Stúdentar sem þurfa viðbótarnám samkvæmt kröfum háskóladeilda.

Skrásetningargjald skal ákvarða af rektor, greiða í síðasta lagi 10. júlí fyrir þá sem hefja nám að hausti og fyrir 15. nóvember fyrir þá sem hefja nám um áramót. Þeir nemendur sem ekki greiða á gjalddaga hafa ekki rétt til skólavistar.

### Kennsla.

#### 5. gr.

Skólaárið telst frá 1. ágúst ár hvert til jafnlengdar næsta árs. Kennsluárið skiptist í tvær kennsluannir, haustönn og vorönn. Á hvorri önn skulu vera 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Próftímabil skal að jafnaði ekki taka lengri tíma en tvær vikur og skal miða að því að starfsvikur á hvorri önn verði sem næst 17. Haustönn skal ljúka í síðasta lagi 21. desember og vorönn hefjast í fyrsta lagi 4. janúar. Engin kennsla fer fram 1. desember, á helgidögum þjóðkirkjunnar eða á öðrum lögboðnum frídögum.

### Próf.

#### 6. gr.

Próf eru haldin í lok hvorrar annar. Deildin getur sett sérstakar reglur um próf á öðrum tíma. Sjúkra- og endurtekningarpróf skulu haldin á tímabilinu 4. til 15. janúar vegna haustannar og fyrir 1. júní vegna vorannar. Próftími í skriflegum prófum skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár klukkustundir. Deildin hefur heimild til að setja sínar eigin reglur um sjúkra- og endurtekningarpróf í samráði við prófstjóra. Þó skulu slík próf haldin á þeim tíma sem kveðið er á um í prófareglum THÍ.

Prófstjóri Tækniháskólans er að öllu jöfnu prófstjóri frumgreinadeildar. Hann starfar í umboði rektors og annast undirbúning og framkvæmd skriflegra prófa í samráði við deildarstjóra. Hann birtir nemendum og kennurum dagskrá prófa í upplýsingakerfi skólans. Endanleg dagskrá prófa skal birt eigi síðar en 5 vikum áður en viðkomandi próftímabil hefst.

Kennarar annast gerð og yfirferð prófa. Próf eru ýmist munnleg, skrifleg eða verkleg.

Skráning í áfanga gildir sem skráning í próf, sem haldið er að áfanganum loknum, þar sem það á við. Nemandi sem ætlar ekki að þreyta próf í áfanga sem hann hefur skráð sig í, verður að segja sig úr viðkomandi áfanga eigi síðar en 4 vikum fyrir upphaf próftímabils. Síðasta úrsagnardag úr prófum á hvorri önn skal birta í almanaki skólans. Nemandi sem segir sig úr prófi fær ekki að þreyta prófið á upptökutímabili þeirrar annar.

Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda skal tilkynna forföll til skrifstofu skólans áður en próf hefst eða meðan á prófi stendur. Læknisvottorði skal skila til skrifstofu skólans eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst nemandi hafa þreytt prófið. Sama gildir ef um veikindi barns nemanda er að ræða.

Nemandi sem kemur ekki til prófs sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið. Honum er þá ekki heimilt að skrá sig í endurtekningarpróf. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu skólans eigi síðar en 4 vikum fyrir prófdag.

Við munnleg og verkleg lokapróf er heimilt að skipa prófdómara. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar. Rektor skipar prófdómara að fengnum tillögum deildarinnar.

Lokaeinkunnir áfanga skulu liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum eftir próftöku. Niðurstöður sjúkra- og endurtekningarprófa skulu liggja fyrir eigi síðar en 4 dögum eftir próftöku.

Nemandi á rétt á að sjá mat úrlausnar sinnar á skriflegu prófi og fá útskýringar kennara á prófsýningu deildarinnar sem haldin er innan þriggja daga frá birtingu allra einkunna og auglýst er á heimasíðu skólans. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, eigi una mati

kennara getur hann snúið sér til deildarstjóra innan 4 vikna frá birtingu einkunna og óskað eftir mati prófdómara. Skipa skal prófdómara í hverju tilviki fyrir sig. Einnig getur meirihluti nemenda í áfanga óskað eftir skipun prófdómara í einstöku prófi og skal það þá gert, sé það nægjanlega rökstutt að mati deildarráðs og rektors.

Prófstjóri skal birta prófreglur og viðurlög við brotum á þeim.

Starfsmenn á skrifstofu háskólans sjá um færslu lokaekunnna og varðveislu þeirra. Þeir sjá einnig um að birta nemendum lokaekunnir. Að liðnum tveimur árum frá prófdegi skulu úrlausnir eyðilagðar.

### Námsmat.

#### 7. gr.

Lokaekunn í hverjum áfanga er yfirleitt vegið meðaltal starfseinkunnar og prófseinkunnar. Hlutfall starfseinkunnar í hverjum áfanga er tilgreint í áfangaýsingu. Í upphafi annar gera kennarar nemendum grein fyrir því hvernig starfseikunn verður til í viðkomandi áfanga. Eftirfarandi atriði eru m.a. tekin til greina þegar gefin er starfseikunn:

- a) Skrifleg eða munnleg próf sem ýmist eru tilkynnt fyrirfram eða ekki.
- b) Frammistaða í kennslustundum sem m.a. er könnuð fyrirvaralaust með skriflegu verkefni/prófi. Almennt gildir að þar hafa bestu 2/3 hlutar úrlausna áhrif í námsmati.
- c) Úrlausnir heimaverkefna, t.d. heimadæmi, heimildaritgerð.
- d) Erindaflutningur.
- e) Stafsetning, ræður og ritgerðir.
- f) Framsögn í íslensku og erlendum tungumálum.
- g) Frammistaða í verklegum æfingum og skýrslur.

Eikunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Til að standast próf í áfanga þarf lágmarkseikunn 5,0. Ekki er reiknuð meðaleikunn. Nám metið frá öðrum skólum er auðkennt með bókstafnum M og nafni viðkomandi skóla. Til þess að nemandi fái nám frá öðrum skólum metið skal hann að öðru jöfnu hafa lokið prófi í hliðstæðum áfanga með lágmarkseikunnina 7,0.

Nemanda er heimilt að þreyta próf þrívégis í sama áfanga.

Almennt skilyrði fyrir próftökurétti er að nemandi hafi staðið skil á verkefnum með viðunandi árangri samkvæmt ákvörðun kennara. Í eðlisfræði og efnafræði er 100% þátttöku-skylda í verklegum æfingum og skil á viðunandi skýrslum skilyrði þess að mega fara í próf.

Nemandi í fullu námi lýkur 45 einingum á tveimur önnum og 93 einingum á fjórum önnum. Hámarksnámstími til að ljúka fyrstu tveim önnum, þ.e. 45 eininga námi, er 3 annir. Hámarksnámstími til að ljúka öllum 4 önnunum, þ.e. 93 eininga námi, er 6 annir. Nemandi sem lýkur 93 eininga námi útskrifast með raungreinadeildarpróf. Deildin getur, ef sérstakar ástæður liggja til þess, heimilað framlengingu námstíma umfram þessi mörk.

Í áföngum þar sem starfseikunn er hluti lokaekunnar fær nemandi eikunnina 0 hafi hann ekki staðið skil á tilskildum verkefnum. Hann telst þá hafa notað einn próftökurétt og á ekki rétt á að þreyta endurtektarpróf á þeirri önn.

### Námsgengi.

#### 8. gr.

Nemandi má ekki hefja nám að fullu á næstu önn ef hann á ólokið meira en 6 einingum undanfarandi annar. Ef 7 til 9 einingum er ólokið getur deildarstjóri heimilað þátttöku að hluta á önn, þó ekki í áfanga þar sem eikunn í undanfara er lægri en 4,0. Slík heimild er bundin því skilyrði að nemandi taki próf í óloknum námsáföngum á næsta reglulega próftíma. Sé fleiri en 9 einingum ólokið er nemandi óheimilt að setjast á næstu önn. Í sérstökum tilfellum getur deildarstjóri heimilað undantekningar.

**Gildistaka o.fl.**

9. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli reglna um Tækniháskóla Íslands frá 22. nóvember 2002. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 30. maí 2003.

*Tækniháskóla Íslands, 30. maí 2003.*

**Stefanía Katrín Karlsdóttir.****Stefán Pétur Eggertsson.****Sigríður Snæbjörnsdóttir.****Haraldur Auðunsson.****Ingunn Sæmundsdóttir.****Ágúst Kristján Steinarrsson.****SAMÞYKKT****um bann við lausagöngu stórgripa á Austur-Héraði.**

1. gr.

*Ákvörðun um lausagöngubann.*

Lausaganga stórgripa er bönnuð í öllu sveitarfélaginu Austur-Héraði.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

*Friðað svæði*, er land afmarkað vörslulínu sem hindrar frjálsta för stórgripa.

*Frjáls för stórgripa*, er óhindruð för stórgripa hvert og hvenær sem er, þ.e. hvorki heft af gripheldum girðingum, hliðum, öðrum mannvirkjum eða náttúrulegum farartálmum.

*Graðpeningur* er kynþroska, ógelt og frjó karldýr búfjarregunda sem geta gagnast kvendýrum og getið afkvæmi við þeim, þ.e. naut og graðhestar (stóðhestar).

*Gripheld girðing*, er mannvirki úr ýmiss konar efni sem reist er til að hindra frjálsta för búfjár. Hún er breytileg að gerð og gæðum eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár, s.s. fjárheld, hrossheld, nautgripaheld og graðpeningsheld.

*Gripheld varsla*, er hindrun á frjálsri för búfjár með gripheldum girðingum, hliðum og öðrum mannvirkjum svo og með náttúrulegum farartálmum sem koma að sama gagni.

*Huglæg varnarlína*, er ákveðin hugsuð lína, merkt á landakort eða lýst með heitum þekktum örnefna, sem ætlað er að aðskilja búfé, sbr. varnarlína, en uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til vörslulínu.

*Lausaganga*, er þegar búfé getur gengið á annars manns land í óleyfi.

*Lausagöngubann*, er bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélagið í heild eða afmarkaða hluta þess til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár.

*Lausagöngufénaður*, er búfé á lausagöngu hvort sem lausagöngubann er í gildi eða ekki.

*Náttúrulegur farartálmur*, er hindrun sem kemur í veg fyrir frjálsta för búfjár, s.s. ófærir hamrar, björg og jöklar, ófærar ár, vötn, lón og sjór við lágfjör.

*Skurður*, er minnst 3 m breiður og 1,5 m djúpur framræsluskurður.

*Stórgripur*, teljast í samþykkt þessari hross og nautgripur.

*Varnarlína*, myndar mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

*Varsla búfjár*, er þegar eigandi eða umráðamaður búfjár heldur því innan ákveðins afmarkaðs svæðis.

*Veghaldari*, er aðili sem hefur forræði yfir vegsvæði þar með vegagerð, þjónustu og viðhaldi vega.

*Vegsvæði*, er land sem vegur og öll önnur mannvirki viðkomandi veginum standa á, s.s. vegkantar, girðingar og hlið.

*Vörsluáðili búfjár*, er eigandi eða umráðamaður búfjár ábyrgur fyrir vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi.

*Vörsluáðili lands*, er eigandi eða umráðamaður lands, þar með landgræðslugirðinga, skógræktargirðinga og vegsvæða sem er friðað fyrir lausagöngu búfjár.

*Vörslugildi*, er eiginleiki girðingar, hliðs eða annars mannvirkis, svo og náttúrulegs farartálma, til að hindra frjálsa för búfjár.

*Vörsluhólf*, er reitur, beitarhólf eða landsvæði afmarkað vörslulínu.

*Vörslukrafa*, er krafa eða viðmiðun um gerð og gæði tiltekinnar vörslu, mismikil eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár.

*Vörslulína*, er gripheld girðing, hlið og önnur mannvirki svo og náttúrulegur farartálmi sem kemur í veg fyrir frjálsa för búfjár allt árið eða á þeim tímum árs þegar búfjár er von á svæðinu.

*Vörsluskylda*, er skilyrðislaus krafa um að eigandi eða umráðamaður búfjár ábyrgist að tilteknu búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis allt árið eða tiltekna hluta ársins.

### 3. gr.

#### *Fulnægjandi varsla.*

Varsla telst fullnægjandi þegar unnt er að stöðva alla frjálsa för búfjár inn á ákveðið svæði eða út af því, á tilteknum árstíma. Skal þá tryggt að viðkomandi vörslulína hafi vörslugildi í samræmi við þær vörslukröfur sem gerðar eru til hennar. Huglægar varnarlínur, varnarlínur á milli sóttvarnarsvæða og girðingar með vegum þar sem för búfjár er frjálst inn á vegsvæði á einum eða fleiri stöðum, uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til fullnægjandi vörslu samkvæmt samþykkt þessari.

### 4. gr.

#### *Kröfur um vörslu.*

Þær kröfur skal gera til vörslu stórgripa að hún sé gripheld og hindri frjálsa för þeirra. Sveitarstjórn ábyrgist handsömun og geymslu lausagöngugripa nema um annað sé samið við einstaklinga og stofnanir.

Heimilt er sveitarfélaginu að krefja eiganda lausagöngugripa um greiðslu vegna þess kostnaðar er á það kann að falla vegna aðgerða á grundvelli samþykktar þessarar.

Lágmarksgæðakröfur fyrir girðingar og önnur mannvirki sem teljast gripheld fyrir hverja tegund stórgripa skulu vera eftirfarandi:

#### A. *Hrossheld girðing.*

1. Netgirðing með 5 strengja vírmeti og minnst einum streng ofan við það. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili.

Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m enda sé þá bil á milli rengla mest 3 m.

2. Girðingar úr ýmsu efni s.s. tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi sem teljast fjárheldar að mati héraðsráðunauta eða landsráðunauta.

3. Gaddavírsgirðing með 3 gaddavírsstrengjum. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m enda sé bil á milli rengla mest 3 m.
4. Rafgirðing háspennt og varanleg, með 2 vírstrengjum. Hæð girðingarinnar skal vera 0,95 m. Jarðfastir tréstaurar þar með úr harðviði og plaststaurar, skulu vera með mest 10 m millibili. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 24 m enda sé bil á milli rengla mest 8 m. Um uppsetningu, búnað og frágang rafgirðingar fer að öðru leyti eftir reglugerð nr. 121/1999 um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með síðari breytingum og reglugerð um girðingar nr. 748/2002.
5. Skurðir með 2 eða fleiri gaddavírsstrengjum á skurðbakka. Um staura gilda sömu reglur og fyrir gaddavírsgirðingar.

Óheimilt er að nota gaddavír og háspenntar rafgirðingar umhverfis gerði eða hólfi þar sem hross hafa ekki aðgang að beit, sbr. ákvæði 2. gr. reglugerðar um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit hrossa nr. 132/1999.

B. *Nautgripaheld girðing.*

*Allar hrossheldar girðingar*, sbr. ákvæði A liðar þessarar greinar, að því undanskildu að gaddavírsgirðing með 2 gaddavírsstrengjum er fullnægjandi varsla fyrir mjólkurkúr.

C. *Hlið og ristarlið.*

Gera skal sömu vörslukröfur til hliða og ristarliða og annarra hluta vörslulínu. Þess skal gætt að auðvelt sé að opna og loka hliðum. Veghaldari leggur til ristarlið, sbr. vegalög nr. 45/1994.

D. *Frágangur vörslulína.*

Við frágang mannvirkja sem mynda vörslulínu, s.s. girðinga, hliða og ristarliða, skal þess gætt að ekki skapist hætta á meiðslum eða slysum fyrir búfé og fólk. Sama gildir um frágang göngustiga og þrila sem vörsluaðili búfjár eða lands setur upp til að greiða fyrir lögmætri för almennings um landið, sbr. ákvæði laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um almennarétt, umgengni og útivist.

#### 5. gr.

##### *Kröfur um vörslur graðpenings.*

Rétt er vörsluaðila stórgripa að setja upp viðvörunarskilti við vörsluhólf fyrir graðpening þar sem almenningi er greint frá þeirri hættu sem stafað getur af för um landið.

Til vörslu graðhesta (stóðhesta) utanhúss skal gera eftirfarandi lágmarkskröfur:

A. *Vörsluhólf.*

Hrossheld rafgirðing, sbr. ákvæði 4. tl. A. liðar 4. gr. samþykktar þessarar.

Fjánhald netgirðing, sbr. ákvæði 1. tl. A. liðar 4. gr. samþykktar, að viðbættum 2-3 gaddavírsstrengjum, þannig að hæð girðingarinnar verði allt að 1,30 m.

B. *Gerði við hús.*

Hæð skilveggja skal vera minnst 2,0 m. Séu skilveggir ekki heilir (lokaðir) skulu þeir vera það þéttklæddir að hross í nærliggjandi gerðum nái ekki saman.

#### 6. gr.

##### *Umsögn um vörslugildi og gæðamat mannvirkja.*

Vörsluaðila búfjár og lands er heimilt að leita umsagnar héraðsráðunautar eða landsráðunautar um vörslugildi vörslulína og gæði viðkomandi mannvirkja. Komi upp ágreiningur er rétt að kveðja til einn eða fleiri ráðunauta til að gæðameta og úrskurða um vörslugildi

viðkomandi vörslulínu. Heimilt er að kveðja til starfsins héraðsráðunaut utan viðkomandi búnaðarsambandsvæðis. Allan kostnað af slíkum störfum greiða deiluaðilar.

7. gr.

*Refsingar.*

Rísi mál út af samþykkt þessari skal með það farið að hætti opinberra mála. Brot gegn ákvæðum samþykktarinnar varða sektum eða fangelsi, ef sakir eru miklar, skv. 18. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.

8. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi, sem samþykkt hefur verið við tvær umræður af bæjarstjórn Austur-Héraðs, er sett með stoð í lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og með hliðsjón af 19. gr. reglugerðar um vörslu búfjár nr. 59/2000 og 3. gr. reglugerðar um girðingar nr. 748/2002, sbr. 3. gr. laga nr. 135/2001 um girðingar og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. maí 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um innflutning gæludýra og hundasæðis.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

1. gr.

*Tilgangur.*

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja heilbrigði dýra og manna með því að fyrirbyggja að smitsjúkdómar berist til landsins við innflutning á gæludýrum og hundasæði.

2. gr.

*Orðskýringar.*

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð og orðasambönd merkingu sem hér segir:

- Innflutningsleyfi*, leyfi til innflutnings á gæludýri eða hundasæði, útgefið af landbúnaðarráðuneytinu.
- Heilbrigðis- og upprunavottorð*, eyðublað útgefið af yfirdýralækni sem dýralæknir í útflutningslandi notar til að staðfesta heilbrigði og uppruna viðkomandi gæludýrs eða hundasæðis.
- Gæludýr* eru hundar, kettir, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr, kanínur og búrfuglar.
- Lönd án hundaæðis*, lönd sem eru skilgreind sem slík af WHO (World Health Organisation) á hverjum tíma.
- Lönd með hundaæði*, lönd sem eru skilgreind sem slík af WHO (World Health Organisation) á hverjum tíma.

- f) *Einangrunarstöð* er aðstaða viðurkennd af yfirdýralækni, þar sem hundar og kettir eru vistaðir meðan rannsakað er hvort dýrin eru haldin smitsjúkdómi.
- g) *Sóttkví* er aðstaða, viðurkennd af yfirdýralækni, til einangrunar fiska, vatnadýra, nagdýra, kanína og búrfugla sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr og, þar sem dýr eru vistuð meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.
- h) *Innflutningsstaður* er flugvöllur sem hefur á að skipa aðstöðu sem uppfyllir skilyrði VII. kafla þessarar reglugerðar og samþykkt hefur verið af yfirdýralækni.
- i) *Sóttvarnaaðstaða* er aðstaða fyrir dýr á innflutningsstað.
- j) *Héraðsdýralæknir* er starfsmaður yfirdýralæknis sem skipaður hefur verið til starfsins eftir ákvæðum reglugerðar um embætti yfirdýralæknis nr. 782/1999.

## 3. gr.

*Innflutningur / innflutningsleyfi.*

Innflutningur á gæludýrum og hundasæði er óheimill nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra og uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar.

Innflytjandi skal sækja um innflutningsleyfi til landbúnaðarráðuneytisins á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

Innflytjandi skuldbindur sig og staðfestir með undirskrift sinni á umsóknareyðublað að hlíta í hvívetna öllum þeim fyrirmælum sem landbúnaðarráðherra og yfirdýralæknir setja sem skilyrði til innflutnings og einangrunar.

Óheimilt er að flytja inn gæludýr til landsins í trébúrum. Nánari reglur um gerð búra skulu settar af yfirdýralækni.

Innflutningsleyfi fiska og vatnadýra eru háð samþykki fisksjúkdómanefndar, skv. 80. gr. laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði, ásamt síðari breytingum.

Innflutningsleyfi gildir í allt að eitt ári frá útgáfudegi.

## 4. gr.

*Kostnaður við innflutning, öflun vottorða, sýnatökur, eftirlit o.fl.*

Innflytjandi skal sjá til þess að þau vottorð sem krafist er fylgi dýrinu/hundasæðinu við innflutning og ber hann allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum og öflun vottorða, þ.m.t. nauðsynlegum sýnatökum, eftirliti og rannsóknum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar.

## 5. gr.

*Heilbrigðis- og upprunavottorð og önnur vottorð vegna innflutnings.*

Öllum gæludýrum og hundasæði sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal fylgja heilbrigðis- og upprunavottorð.

Yfirdýralæknir gefur út eyðublað fyrir heilbrigðis- og upprunavottorð sem nota skal við innflutninginn.

Vottorðið skal vera rétt útfyllt og skal sá dýralæknir, sem útfyllir það og staðfestir með undirritun sinni, hafa starfsleyfi í útflutningslandinu. Vottorðið gildir í 10 daga frá útgáfudegi.

Auk heilbrigðis- og upprunavottorðs, skal gæludýrum og hundasæði sem heimilað hefur verið að flytja til landsins, fylgja eftirtalin vottorð, þar sem við á:

- i) Staðfesting rannsóknarstofu á niðurstöðum blóðrannsóknar á hundaæðismótefnum, skv. 11. og 14. gr.
- ii) Niðurstöður skapgerðarmats, skv. 12. og 15. gr.

## 6. gr.

*Umsögn yfirdýralæknis.*

Viku fyrir áætlaðan komudag dýrs eða hundasæðis til landsins skal innflytjandi senda yfirdýralækni, með símbréfi, til umsagnar og samþykktar öll tilskilin vottorð, skv. 5. gr.

Yfirdýralæknir tilkynnir innflytjanda, héraðsdýralækni og viðkomandi einangrunarstöð, ef við á, umsögn sína að minnsta kosti þremur virkum dögum fyrir áætlaðan komudag.

## 7. gr.

*Innflutningsstaður.*

Einungis er heimilt að flytja inn gæludýr og hundasæði til Íslands um innflutningsstað eins og hann er skilgreindur í reglugerð þessari. Yfirdýralæknir skal taka út og samþykkja sóttvarnaraðstöðu á innflutningsstað áður en heimilt er að flytja gæludýr og hundasæði til landsins um innflutningsstaðinn.

Innflutningur á gæludýrum og hundasæði með skipum er óheimill.

## 8. gr.

*Eftirlit á innflutningsstað.*

Héraðsdýralæknir skoðar öll dýr við komuna til landsins á innflutningsstað og sannreynir að þau sýni ekki einkenni smitsjúkdóms, hafi innflutningsleyfi og jákvæða umsögn yfirdýralæknis og að frumrit allra tilskilinna vottorða fylgi. Sama gildir um hundasæði eftir því sem við á.

## 9. gr.

*Brottfall innflutningsleyfis.*

Komi í ljós að skilyrðum reglugerðar þessarar sé ekki framfylgt í hvívetna fellur innflutningsleyfið samstundis úr gildi og verður dýrið/hundasæðið sent úr landi til sama lands og það kom frá, sé þess kostur, en dýrið aflífað ella og hræinu/hundasæðinu eytt, bótalestur og á kostnað eiganda.

## II. KAFLI

**Innflutningur hunda og katta.**

## 10. gr.

*Einangrun.*

Eftir að innflytjandi hefur fengið innflutningsleyfi, sbr. 3. gr., skal hann sjálfur panta rými fyrir dýrið í einangrunarstöð. Þegar dagsetning innflutnings liggur fyrir skal innflytjandi leggja fram staðfestingu frá viðkomandi einangrunarstöð til yfirdýralæknis. Hunda og ketti sem heimilað hefur verið að flytja til landsins og uppfylla skilyrði I. kafla reglugerðar þessarar, skal við komuna til landsins flytja rakleiðis í einangrunarstöð þar sem dýrin skulu dvelja í 4 vikur.

Í einangrunarstöð skal taka sýni til rannsókna á smitsjúðómum skv. fyrirmælum yfirdýralæknis hverju sinni.

## 11. gr.

*Heilbrigðis- og upprunavottorð hunda og katta.*

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði, sbr. 5. gr.:

- 1) *Útflutningsland*: Dýrið skal hafa dvalið í útflutningslandi síðustu sex mánuði fyrir innflutning.
- 2) *Hundategund/kattategund*.



- 3) *Eigandi/umboðsmaður/innflytjandi*: Nafn, kennitala, heimili og símanúmer, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
- 4) *Örmerking*: Merkja skal dýrið með örmerki sem uppfyllir FECAVA- eða ISO staðla áður en það er heilbrigðisskoðað, bóluset, sýni tekin eða það meðhöndlað. Merkja má dýrið með öðru örmerki ef eigandi leggur til lesara.
- 5) *Fæðingardagur*: Dýrið skal vera að minnsta kosti fimm mánaða gamalt við komu til landsins.
- 6) *Nafn dýrs*.
- 7) *Smitsjúkdómar*:
  - a) *Heilbrigðissskoðun*: Við heilbrigðissskoðun á síðustu 10 dögum fyrir innflutning má dýrið ekki hafa sýnt nein einkenni smitsjúkdóms.
  - b) *Bólusetningar*:
    - i) *Bólusetning gegn hundaæði (rabies) – hundar og kettir*:

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda og ketti sem koma frá landi með hundaæði, sbr. e-lið 2. gr., með deyddu bólu efni gegn hundaæði. Dýrin skulu vera að minnsta kosti 12 vikna gömul við fyrstu bólusetningu. Mæla skal magn mótefnis í blóði í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu og skal það vera að minnsta kosti 0,5 a.e./ml. Sé það lægra er óheimilt að flytja dýrið til landsins. Mælingarnar skulu framkvæmdar á viðurkenndri rannsóknarstofu á EES-svæðinu eða í Bandaríkjunum. Óheimilt er að flytja hunda og ketti til landsins fyrr en 120 dagar eru liðnir frá því þeir voru fyrst bólusettir gegn hundaæði. Sé um endurbólusetningu að ræða og hafi mótefni mælst að minnsta kosti 0,5 a.e./ml er heimilt að flytja dýrið inn 30 dögum eftir síðustu endurbólusetningu.
    - ii) *Bólusetning gegn leptospírósu (leptospirosis) – hundar*:

Á síðustu 180 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda með deyddu bólu efni gegn leptospírósu og skulu þeir vera að minnsta kosti 12 vikna gamlir við fyrstu bólusetningu. Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn leptospírósu.
    - iii) *Bólusetning gegn hundafári (canine distemper) – hundar*:

Á síðustu 730 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn hundafári. Hundar sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn hundafári fyrir 12 vikna aldur, skulu bólusettir þrisvar, með fjögurra vikna millibili. Hundar sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn hundafári við eða eftir 12 vikna aldur, skulu bólusettir tvisvar, með fjögurra vikna millibili. Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn hundafári.
    - iv) *Aðrar bólusetningar – hundar*:

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda með deyddu bólu efni gegn eftirtöldum tveimur sjúkdómum:  
(1) smitandi lifrabólgu (hepatitis contagiosa canis)  
(2) smáveirusótt (parvovirus).  
Hundar sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn smitandi lifrabólgu og/eða smáveirusótt fyrir 12 vikna aldur, skulu bólusettir þrisvar, með fjögurra vikna millibili. Hundar sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn smitandi lifrabólgu og/eða smáveirusótt við eða eftir 12 vikna aldur, skulu bólusettir tvisvar, með fjögurra vikna millibili.

Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt.

v) *Aðrar bólusetningar – kettir:*

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja ketti með deyddu bóluefni gegn eftirtöldum þremur sjúkdómum:

- (1) kattafári (feline panleukopenia)
- (2) kattaflensu (rhinotracheitis)
- (3) kattakvefi (*Feline calicivirus*).

Kettir sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn kattafári/kattaflensu/kattakvefi fyrir 12 vikna aldur, skulu bólusettir þrisvar, með fjögurra vikna millibili. Kettir sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn kattafári/kattaflensu/kattakvefi við eða eftir 12 vikna aldur, skulu bólusettir tvisvar, með fjögurra vikna millibili.

Óheimilt er að flytja ketti til landsins, fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn kattafári, kattaflensu og kattakvefi.

c) *Rannsóknir:*

i) *Blóðrannsókn vegna brúsellósu (brucellosis) – hundar:*

Innan 21 dags fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á *Brucella canis*. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið inn.

ii) *Blóðrannsókn vegna kattaalnæmis (Feline immunodeficiency virus) – kettir:*

Innan 21 dags fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á kattaalnæmi. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.

iii) *Blóðrannsókn vegna kattahvítblæðis (Feline leukemia virus) – kettir:*

Innan 21 dags fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á kattahvítblæði. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.

iv) *Rannsókn vegna salmonellu - hundar og kettir:*

Innan 21 dags fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á *Salmonella*-sýklum.

Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins, nema áhættan við innflutning sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.

d) *Meðhöndlun.*

i) *Meðhöndlun gegn bandormum:*

Á síðustu 10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn bandormum (*Echinococcus multilocularis*, *Echinococcus granulosus*).

ii) *Meðhöndlun gegn útvortis sníkjudýrum:*

Á síðustu 10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn sníkjudýrum.

12. gr.

*Skapgerðarmat.*

Yfirdýralæknir metur í hverju tilfelli fyrir sig hvort krefjast skuli sérstaks skapgerðarmats á hundi sem sótt er um leyfi til að flytja inn. Hann skal taka mið af því sem vitað er um eðli viðkomandi hundategundar og leita álits sérfræðinga eftir þörfum.

Skapgerðarmatið skal framkvæmt af sérfræðingi sem hefur viðurkenningu hundaræktarfélags, sem er aðili í Alþjóðasambandi hundaræktarfélaga (FCI), í útflutningslandinu til slíkra prófa.

Standist hundurinn ekki matið er óheimilt að flytja hann til landsins.

## 13. gr.

*Óheimill innflutningur.*

Óheimilt er að flytja til landsins:

- a) Hvolpafullar tíkur.
- b) Kettlingafullar læður.
- c) Tíkur með hvolpa á spena.
- d) Læður með kettlinga á spena.
- e) Dýr sem hafa undirgengist aðgerðir fyrir innflutning og þarfnast eftirlits eða eftir meðferðar af nokkru tagi.
- f) Hunda og sæði hunda af eftirfarandi tegundum, svo og blendinga af þeim:
  1. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier.
  2. Fila Brasileiro.
  3. Toso Inu.
  4. Dogo Argentino.
- g) Blendinga af úlfum og hundum, svo og sæði blendinga af úlfum og hundum.  
Komi í ljós við komu dýrs til landsins að ákvæði a-g liðar eigi við um dýr sem komið er á innflutningsstað skal fara eftir ákvæðum 9. gr. þessarar reglugerðar.

## III. KAFLI

**Innflutningur hundasæðis.**

## 14. gr.

*Heilbrigðis- og upprunavottorð sæðisgjafa.*

Innflutningur á djúpfrystu hundasæði í þar til gerðum stráum er heimill að uppfylltum neðangreindum skilyrðum. Óheimilt er að flytja til landsins ófrosið hundasæði.

Um komu hundasæðis til landsins og eftirlit á innflutningsstað fer eftir ákvæðum 6. - 8. gr. reglugerðar þessarar.

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði, sbr. 5. gr.:

- 1) *Útflutningsland*: Sæðisgjafinn skal hafa dvalið í útflutningslandi síðustu sex mánuði fyrir sæðistöku.
- 2) *Innflytjandi*: Nafn, kennitala, heimili og símanúmer innflytjanda, auk faxnumers og netfangs ef við á.
- 3) *Eigandi sæðisgjafa eða umboðsmaður*: Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnumers og netfangs ef við á.
- 4) *Örmerking*: Sæðisgjafi skal vera örmerktur áður en sæðistaka, bólusetningar og blóðpróf fara fram.
- 5) *Nafn, tegund og fæðingardagur sæðisgjafa*.
- 6) *Dagsetning sæðistöku*.
- 7) *Dýralæknir sem undirritar vottorðið skal hafi tekið sæðið eða verið viðstaddur töku þess*.
- 8) *Smitsjúkdómar*:
  - a) *Heilbrigðisskoðun*: Við heilbrigðisskoðun við sæðistöku skal sæðisgjafi ekki hafa sýnt nein einkenni smitsjúkdóms.
  - b) *Bólusetningar*:
    - i) *Bólusetning gegn hundaæði (rabies)*:  
Komi sæðið frá landi með hundaæði, sbr. e-lið 2. gr., skal sæðisgjafi bólusettur með deyddu bóluefni á síðustu 365 dögum fyrir sæðistöku, og hafa verið að minnsta kosti 12 vikna gamall við bólusetningu.  
Mæla skal magn mótefnis í blóði í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu og

skal það vera að minnsta kosti 0,5 a.e./ml. Mælingarnar skulu framkvæmdar á viðurkenndri rannsóknarstofu á EES-svæðinu eða í Bandaríkjunum.

Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 120 daga frá því hann var fyrst bólusettur gegn hundaæði. Sé um endurbólusetningu að ræða og hafi mótefni mælst að minnsta kosti 0,5 a.e./ml, er heimilt að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið er 30 dögum eftir síðustu endurbólusetningu.

ii) *Bólusetning gegn leptóspírósu (leptospirosis):*

Á síðustu 180 dögum fyrir sæðistöku skal bólusetja sæðisgjafa með deyddu bólu-efni gegn leptóspírósu, og skal hann vera að minnsta kosti 12 vikna gamall við fyrstu bólusetningu.

Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 30 daga frá því hann var síðast bólusettur gegn leptospírósu.

iii) *Bólusetning gegn hundafári (canine distemper):*

Á síðustu 730 dögum fyrir sæðistöku skal bólusetja sæðisgjafa gegn hundafári. Hundar sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn hundafári fyrir 12 vikna aldur, skulu bólusettir þrisvar, með fjögurra vikna millibili. Hundar sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn hundafári við eða eftir 12 vikna aldur, skulu bólusettir tvisvar, með fjögurra vikna millibili.

Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 30 daga frá því hann var síðast bólusettur gegn hundafári.

iv) *Aðrar bólusetningar:*

Á síðustu 365 dögum fyrir sæðistöku skal bólusetja sæðisgjafa með deyddu bólu-efni gegn eftirtöldum tveimur sjúkdómum:

(1) smitandi lifrabólgu (hepatitis contagiosa canis)

(2) smáveirusótt (parvovirus).

Hundar sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn smitandi lifrabólgu og/eða smáveirusótt fyrir 12 vikna aldur, skulu bólusettir þrisvar, með fjögurra vikna millibili. Hundar sem bólusettir eru í fyrsta sinn gegn smitandi lifrabólgu og/eða smáveirusótt við eða eftir 12 vikna aldur, skulu bólusettir tvisvar, með fjögurra vikna millibili.

Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 30 daga frá því hann var síðast bólusettur gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt.

c) *Rannsóknir*

*Blóðrannsókn vegna brúsellósu (Brucellosis):*

Á síðustu þremur vikum fyrir sæðistöku skal taka blóðsýni til rannsókna á *Brucella canis*.

Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja sæði úr hundinum til landsins.

d) *Náttúruleg pörun:*

Óheimilt er að nota sæðisgjafa í náttúrulega pörun frá því blóðpróf voru tekin og fram að sæðistöku.

15. gr.

*Skapgerðarmat sæðisgjafa.*

Yfirdýralæknir metur í hverju tilfalli fyrir sig hvort krefjast skuli sérstaks skapgerðarmats á sæðisgjafa sem sótt er um leyfi til að flytja inn sæði úr. Hann skal taka mið af því sem vitað er um eðli viðkomandi hundategundar og leita álits sérfræðinga eftir þörfum.

Skapgerðarmatið skal framkvæmt af sérfræðingi sem hefur viðurkenningu hundarækt-

arfélags, sem er aðili í Alþjóðasambandi hundaréktarfélaga (FCI), í útflutningslandinu til slíkra prófa.

Standist hundurinn ekki matið er óheimilt að flytja sæði úr honum til landsins.

16. gr.

*Geymsla og merking sæðis.*

Sæði skal geymt í innsigliðum höggþéttum umbúðum sem merkt er númeri örmerkis sæðisgjafa, nafni hans og uppruna.

17. gr.

*Sæðing með innfluttu sæði og tilkynningarskylda.*

Einungis dýralæknum með starfsleyfi á Íslandi er heimilt að sæða tíkur með innfluttu sæði. Tíkur sem sæddar hafa verið með innfluttu sæði er óheimilt að para á sama gangmáli.

Dýralæknir sem sæðir tík með innfluttu sæði skal tilkynna um það til yfirdýralæknis.

Láti tíkin eða veikist eftir sæðingu eða á meðgöngu skal eigandi tilkynna það viðkomandi héraðsdýralækni. Fóstur og fylgjur eftir fósturlát skal varðveita og þeim komið til héraðsdýralæknis til rannsóknar.

IV. KAFLI

**Innflutningur skrautfiska og vatnadýra.**

18. gr.

*Heilbrigðis- og upprunavottorð.*

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði sbr. 5. gr.:

- a) *Útflutningsland skrautfiskanna/vatnadýranna.*
- b) *Eigandi/innflytjandi skrautfiskanna/vatnadýranna:* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
- c) *Fisktegund/dýrategund.*
- d) *Smitsjúkdómar:* Fiskarnir/vatnadýrin skulu ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms sem borist getur í nytjafisk.

19. gr.

*Einangrun.*

Skrautfiskum og vatnadýrum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun frá öðrum fiskum og vatnadýrum fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning, sjá nánar um sóttkví í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

V. KAFLI

**Innflutningur nagdýra og kanína.**

20. gr.

*Heilbrigðis- og upprunavottorð.*

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði fyrir nagdýr og kanínur sbr.

5. gr.:

- a) *Útflutningsland nagdýrs eða kanínu.*
- b) *Eigandi/innflytjandi:* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers eða netfangs ef við á.
- c) *Dýrategund.*
- d) *Smitsjúkdómar:* Dýrið skal ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms.

- e) *Salmonella*: Á síðustu þremur vikunum fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á salmonellu. Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins, nema áhættan við innflutninginn sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.

21. gr.

*Einangrun.*

Nagdýrum og kanínum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning, sjá nánar um sóttkví í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

## VI. KAFLI

### Innflutningur búrfugla.

22. gr.

*Heilbrigðis- og upprunavottorð.*

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði, sbr. 5. gr.:

- a) *Útflutningsland búrfugls.*  
b) *Eigandi/innflytjandi búrfugls*: Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.  
c) *Fuglategund.*  
d) *Smitsjúkdómar*: Búrfuglinn skal ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms.  
e) *Salmonella*: Á síðustu þremur vikunum fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á salmonellu. Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja búrfuglinn til landsins, nema áhættan við innflutninginn sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.  
f) *Paramyxoviridae*: Á síðustu þremur vikunum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á mótefnum gegn paramyxoveirum (Newcastle disease). Reynist sýnið jákvætt er innflutningur óheimill.

23. gr.

*Einangrun.*

Búrfuglum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning, sjá nánar um sóttkví í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

## VII. KAFLI

### Aðstaða fyrir dýr á innflutningsstað.

24. gr.

*Aðbúnaður.*

Á innflutningsstað skal vera sóttvarnaaðstaða til að vista dýr í stuttan tíma við komu þeirra til landsins og þegar um millilendingu er að ræða. Í sóttvarnaaðstöðu skulu vera eitt eða fleiri herbergi, þannig útbúið að dýr geti ekki sloppið út úr þeim. Í því skyni skal vera forstofa framan við hvert herbergi. Bæði dyr inn í forstofuna og í herbergið skulu vera sjálflokandi. Herbergin skulu merkt greinilega þannig að fram komi að um sóttvarnaaðstöðu sé að ræða og að óviðkomandi sé óheimill aðgangur. Yfirborð veggja og gólfs herbergjanna skal vera auðvelt að þrifa en gólf má ekki vera hált. Herbergin skulu vera vel loftræst og skulu dýr hafa aðgang að hreinu vatni. Í hverri forstofu skal vera handlaug, handsápa og pappírspurrkur.

## 25. gr.

*Ábyrgð og verklag.*

Ávallt skal skipa einn ábyrgðarmann fyrir sóttvarnaraðstöðu og skal ætíð vera hægt að ná í hann í síma. Tilkynna ber nafn og símanúmer hans til héraðsdýralæknis. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að starfsmaður sé ávallt í aðstöðunni þegar dýr eru vistuð þar.

Dýr skulu flutt rakleiðis í sóttvarnaraðstöðu við komu til landsins, þar sem tollverðir og héraðsdýralæknir skoða dýrið og innflutningsleyfi þess. Ábyrgðarmaður skal tryggja að dýr séu vistuð í sóttvarnaraðstöðu við komu til landsins, þar til þau eru sótt af flutningsaðila sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um einangrunarstöðvar.

Dýrum má ekki hleypa út úr búrum sínum fyrir en þau eru komin inn í herbergi í sóttvarnaraðstöðu.

## 26. gr.

*Aðgangur.*

Ábyrgðarmaður skal tryggja að aðeins eftirtöldum aðilum sé leyfður aðgangur að sóttvarnaraðstöðu:

- starfsfólki sóttvarnarstöðvarinnar
- flutningsaðilum
- héraðsdýralækni
- aðilum á vegum yfirvalda svo sem starfsmönnum tollgæslu.

Aðrir aðilar en taldir eru upp hér að ofan þurfa sérstakt skriflegt leyfi héraðsdýralæknis til að fá aðgang að sóttvarnaraðstöðu.

## 27. gr.

*Skráning og fræðsla.*

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að allir skrifi nafn sitt, dagsetningu og tíma í hvert sinn sem þeir fara inn og út úr sóttvarnaraðstöðu. Sé viðkomandi ekki starfsmaður, skal hann gefa upp kennitölu sína. Skráningarnar skulu geymdar í 6 mánuði. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að allt starfsfólk fái fræðslu um afleiðingar hundaeðis og varnir gegn smiti. Starfsfólk skal einnig uppfrætt um þær reglur sem gilda ef hundur strýkur úr einangrun og ef óviðkomandi fólk fer inn í sóttvarnaraðstöðu.

## 28. gr.

*Tilkynningarskylda.*

Ábyrgðaraðili skal tilkynna héraðsdýralækni um bit og klór dýra í sóttvarnaraðstöðu og tryggja að sá sem er bitinn eða klóraður fái lækniástoð.

Týnist dýr eða strjúki skal ábyrgðaraðili gera héraðsdýralækni viðvart, án tafar.

## 29. gr.

*Hreinlæti.*

Ábyrgðaraðili skal tryggja að allt starfsfólk klæðist hlífðarfatnaði þegar það er inni í sóttvarnaraðstöðu. Hlífðarfatnaðurinn skal skilinn eftir í forstofu herbergjanna og ávallt skal fyllsta hreinlætis gætt.

Sóttvarnaraðstöðu skal ávallt haldið hreinni og snyrtilegri. Aðstaðan skal þrífín og sótt-hreinsuð strax eftir að dýr hafa verið sótt, sem og öll tæki og tól sem notuð hafa verið. Búr sem dýrin koma í skulu geymd inni í herbergjunum á meðan dýrin eru vistuð þar.

## 30. gr.

*Meðferð úrgangs.*

Allur úrgangur skal meðhöndlaður samkvæmt ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

## 31. gr.

*Afhending dýra.*

Hafi dýrin verið flutt inn á löglegan hátt er heimilt að afhenda þau til flutningsaðila sem leyfi hefur til flutnings dýra á einangrunarstöð, sbr. ákvæði reglugerðar um einangrunarstöðvar.

Hafi dýr verið flutt inn á ólöglegan hátt skal yfirdýralækni gert viðvart og með málið farið samkvæmt ákvæðum laga um innflutning dýra nr. 54/1990, ásamt síðari breytingum.

## 32. gr.

*Samgangur dýra.*

Ábyrgðarmaður skal tryggja að dýr sem vistað er í sóttvarnaraðstöðu komist ekki í snertingu við önnur dýr, að undanskildum þeim sem það var flutt með til landsins sé því að skipta.

**VIII. KAFLI  
Gildistaka o.fl.**

## 33. gr.

*Framlenging einangrunar.*

Ef upp koma grunsemdir um að dýr sem dvelur í einangrun sé haldið smitsjúkdómi, er yfirdýralækni heimilt að ákveða að dýr verði vistað lengur en í 4 vikur í einangrunarstöð, sbr. 2. mgr. 10. gr., uns fullljóst er hvort dýrið sé hæft til innflutnings eður ei og ber eigandi dýrsins allan kostnað sem af áframhaldandi einangrun kann að hljóta.

## 34. gr.

*Gjaldtaka.*

Gjaldtaka vegna kostnaðar við vinnu og eftirlit yfirdýralæknis vegna útgáfu vottorða skv. reglugerð þessari, vegna eftirlits héraðsdýralæknis á innflutningsstað og í einangrunarstöð fer eftir gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið setur.

## 35. gr.

*Refsingar.*

Brot á ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir ákvæðum laga. Hinn brotlegi ber allan kostnað vegna brots og getur honum m.a. verið gert að þola bótafast að dýri eða hundasæði sé fargað eða sent úr landi á hans kostnað.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerðinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

## 36. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.



37. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Heimilt er að fara eftir eldri reglum um einangrun hunda og katta í Hrísey fram til 1. janúar 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. júní 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

1. gr.

*Tilgangur.*

Reglugerð þessi kveður á um þær kröfur sem gerðar eru til einangrunarstöðva og sóttkvía fyrir gæludýr sem flutt eru til landsins.

2. gr.

*Orðskýringar.*

1. *Dýralæknir einangrunarstöðvar* er sjálfstætt starfandi dýralæknir sem rekstraraðili einangrunarstöðvar gerir samning við og samþykktur hefur verið af yfirdýralækni.
2. *Einangrunarstöð* er aðstaða, viðurkennd af yfirdýralækni, þar sem hundar og kettir eru vistaðir meðan rannsakað er hvort dýrin eru haldin smitsjúkdómi.
3. *Gæludýr*, samkvæmt reglugerð þessari, eru hundar, kettir, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr, kanínur og búrfuglar.
4. *Héraðsdýralæknir* er starfsmaður yfirdýralæknis sem skipaður hefur verið til starfsins eftir ákvæðum reglugerðar nr. 782/1999.
5. *Innflutningsstaður* er flugvöllur sem hefur á að skipa aðstöðu sem uppfyllir skilyrði VII. kafla reglugerðar um innflutning gæludýra og hundasæðis og samþykkt hefur verið af yfirdýralækni.
6. *Sóttkví* er aðstaða, viðurkennd af yfirdýralækni, til einangrunar fiska, vatnadýra, nagdýra, kanína og búrfugla, sem uppfyllir skilyrði 27. gr. reglugerðar þessarar, þar sem dýrin eru vistuð meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.
7. *Sóttvarnaraðstaða* er aðstaða fyrir dýr á innflutningsstað.
8. *Rekstrarleyfi* er leyfi landbúnaðarráðuneytisins til reksturs einangrunarstöðvar.

#### II. KAFLI

##### Einangrunarstöðvar.

3. gr.

*Veiting rekstrarleyfis.*

Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til reksturs einangrunarstöðva að uppfylltum skilyrðum þessarar reglugerðar.

Hver sá sem hefur í hyggju að hefja rekstur einangrunarstöðvar skal sækja skriflega um leyfi til landbúnaðarráðuneytisins sem aflar umsagnar yfirdýralæknis. Í umsókn skal m.a. tilgreina allar nauðsynlegar upplýsingar um húsnæði einangrunarstöðvar svo og upplýsingar um menntun og þekkingu rekstraraðila eða starfsfólks hans. Yfirdýralæknir óskar eftir viðbótarupplýsingum ef þurfa þykir.

Áður en hafist er handa við byggingu húsnæðis fyrir einangrunarstöð skulu teikningar sendar yfirdýralækni sem staðfestir þær. Einnig skulu fyrirhugaðar breytingar á húsnæði fyrir einangrunarstöð sendar yfirdýralækni til umsagnar áður en hafist er handa. Ekki má ráðast í breytingar án samþykkis yfirdýralæknis, slíkt getur varðað missi rekstrarleyfis.

#### 4. gr.

##### *Eftirlit og afturköllun rekstrarleyfis.*

Héraðsdýralæknir hefur f.h. yfirdýralæknis eftirlit með rekstri einangrunarstöðva. Hann getur á hverjum tíma krafð rekstraraðila um úrbætur og viðgerðir til að tryggja að stöðin uppfylli kröfur um smitvarnir, hreinlæti, öryggi og dýravernd. Skortur á viðbrögðum við slíkum kröfum skal tilkynntur yfirdýralækni sem skal veita tímasettan frest til úrbóta og tilkynna landbúnaðarráðuneytinu um málið. Fari rekstraraðili ekki að tilmælum yfirdýralæknis innan tilskilins tímafrests varðar það sviptingu rekstrarleyfis.

#### 5. gr.

##### *Afturköllun rekstrarleyfis.*

Landbúnaðarráðuneytið getur afturkallað rekstrarleyfi einangrunarstöðvar ef ákvæði reglugerðar þessarar eru brotin. Við afturköllun leyfis skal einangrun dýra í stöðinni viðhaldið og lokið undir eftirliti héraðsdýralæknis. Ekki er heimilt að taka á móti nýjum dýrum á stöðina eftir afturköllun rekstrarleyfis.

#### 6. gr.

##### *Ytri varnir.*

Umhverfis einangrunarstöð skal reisa vegg eða girðingu að lágmarki 180 cm á hæð. Sé veggur eða girðing lægri en 3 m skal bæta þar ofan á a.m.k. 60 cm hárrí vínetsgirðingu, sem hallar 45° út á við. Girðingin skal vera úr vír að lágmarki 2,0 mm í þvermál og má möskvastærð ekki vera meiri en 5 cm. Sé útveggur byggingar hluti ytri marka stöðvarinnar skal hann vera heill, án dýra. Ytri varnir skulu grafnar það djúpt í jörðu að dýr geti ekki grafið undir þær.

Útivistarsvæði fyrir hunda og ketti skulu útbúnir með þaki úr vírneti til að hindra strok.

#### 7. gr.

##### *Innri varnir.*

Einangrunarstöð skal þannig byggð að minnst þrjár dyr skilji að dýrin og ytri varnir stöðvarinnar. Þetta á þó ekki við um neyðarútganga. Allar deildir einangrunarstöðvar þar sem dýr eru í búrum skulu hafa tvennar dyr, ytri og innri dyr, og myndi hindrun, þannig að dýrið geti ekki sloppið út þó það losni. Báðar dyr skulu opnast inn á við og lokast sjálfkrafa. Á hurð innri dýra skal vera gluggi eða útsýnisauga. Óheimilt er að nýta svæðið milli dyranna sem skrifstofu eða geymslu.

Hurðir, lásar, lásajárn og lokunarþúnaður skulu ávallt vera í góðu lagi.

Öll búr skulu þannig úr garði gerð að dýr geti ekki brotist út úr þeim.

Gluggar í þeim herbergjum þar sem dýr eru, skulu útbúnir með sérstyrktu gleri eða með vírneti að innan- eða utanverðu. Á opnanlegum gluggum skal vera hindrun úr vírneti eða öðru sambærilegu efni, a.m.k. 2,0 mm í þvermál og hámarks möskvastærð 5,0 cm x 5,0 cm.

## 8. gr.

*Viðvörðunarkerfi.*

Í einangrunarstöð skal vera kerfi sem gerir viðvart ef um óeðlilegan reyk, hita eða loftleysi er að ræða. Stöðin skal einnig búin þjófavarnarkerfi.

## 9. gr.

*Aðgengi.*

Einungis skulu vera tveir inngangar á ytri vörnum einangrunarstöðvar. Annar skal vera nægilega stór til að bifreiðar komist þar í gegn til losunar á dýrum og aðföngum. Honum skal vera hægt að læsa bæði innan og utan frá. Inngöngudyr fyrir fótgangandi skulu vera sjálflokandi og einungis opnanlegar að utanverðu með lykli.

## 10. gr.

*Merking.*

Ytri varnir einangrunarstöðvar skulu merktar greinilega við inngöngudyr og á öllum hliðum, þar sem fram kemur að um einangrunarstöð sé að ræða og að aðgangur sé öllum bannaður nema með sérstöku leyfi.

## 11. gr.

*Byggingar.*

Byggingar einangrunarstöðvar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Byggingar, staðsetning og starfsemi stöðvarinnar skal hafa hlotið öll nauðsynleg opinber leyfi áður en starfsemi hennar hefst.
2. Við ákvörðun um staðsetningu og við innra skipulag stöðvarinnar skal þess gætt að vernda dýrin gegn hávaða og öðru áreiti og gegn skaða af völdum innréttinga og búnaðar. Vernda skal dýr frá því að skaða hvert annað.
3. Byggingar skulu vera traustbyggðar. Loftræsting skal vera örugg og góð og tengd búnaði sem gerir vart við bilanir. Í vistarverum dýra skal njóta dagsbirtu og skal lýsing vera góð yfir daginn. Ljósabúnaður skal vera þannig staðsettur að hann valdi dýrunum ekki óþægindum. Ekki má hafa stöðuga, sterka lýsingu á allan sólarhringinn. Hitastig má aldrei vera lægra en 7°C og ekki hærra en 30°C, en skal að öðru leyti stillt eftir þörfum dýranna.
4. Vistarverur dýra og innréttingar skulu vera úr efnum sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa.
5. Tré er óheimilt að nota í gólf og skilrúm í svefnrymum hunda. Tré má nota sem grindarefni fyrir vírnet á útisvæðum og í kattabúr, þ.m.t. hillur, enda sé auðvelt að þrifa það og sótthreinsa.
6. Í einangrunarstöð skal vera:
  - a) Svæði til móttöku dýra, sem er þannig úr garði gert að dýrin geti ekki sloppið út.
  - b) Aðskildar deildir fyrir hunda og ketti.
  - c) Sérstök aðstaða til skoðunar, meðhöndlunar og umhirðu dýra.
  - d) Sérstök fódurgeymsla og þvottaaðstaða til þrifa á fóður- og drykkjarílátum, búrum, innanstokksmunum o.s.frv.
  - e) Þvottahús með þvottavél til að þvo dýnur, ábreiður, hlífðarfatnað, handklæði og allt annað tau sem notað er í stöðinni.
  - f) Sérstök starfsmannaaðstaða og fatageymslur.

## 12. gr.

*Búr, innréttingar o.fl.*

Hvert búr, ætlað jafnt hundum sem köttum, skal vera sjálfstæð manngeng eining. Gólf í búrum skulu vera upphituð, vatnsþétt og úr efnum sem ekki eru hál en þola þrif og sótt-hreinsun. Gólf búra skulu vera vatnsþétt og með vatnshalla að niðurfalli og þannig útbúin að þvag eða annar vökvi geti ekki borist frá einu búi til annars.

Ekki má vera gras eða mól á þeim hluta búrsins sem utandyra er. Veggir í svefn- og hvíldarhluta búrana skulu vera úr vatnsheldu efni.

Vistarverur dýra skal þrifa daglega.

## A. Búr fyrir hunda skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Hverju búi skal skipt í annars vegar svefn- og hvíldarhluta og hins vegar samliggjandi útisvæði. Op á milli svæðanna skal búið lokubúnaði sem kemur í veg fyrir kulda og dragsúg. Hundarnir skulu hafa dýnur til að liggja á sem eru nægilega stórar og þykkar svo þeir geti legið án óþæginda.
2. Lágmarksstærðir búra fyrir einstaka hunda skulu vera:  
Fyrir hunda allt að 40 cm á herðakamb: Svefn- og hvíldarhluti: 1 m<sup>2</sup>, engin hlið styttri en 90 cm. Útisvæði: 3,7 m<sup>2</sup>, engin hlið styttri en 90 cm.  
Fyrir hunda 40-65 cm á herðakamb: Svefn- og hvíldarhluti: 1,5 m<sup>2</sup>, engin hlið styttri en 120 cm. Útisvæði: 7,4 m<sup>2</sup>, engin hlið styttri en 120 cm.  
Fyrir hunda stærri en 65 cm á herðakamb: Svefn- og hvíldarhluti: 3 m<sup>2</sup>, engin hlið styttri en 2,3 m. Útisvæði: 8,4 m<sup>2</sup>, engin hlið styttri en 120 cm.  
Heimilt er að hafa tvo hunda saman í búi hafi þeir verið fluttir saman til landsins og þekkest. Gólfrymi í búi skal aukið um 50% fyrir hvern hund umfram einn.  
Allt búið, bæði svefn- og hvíldarhluti og útisvæði skal vera a.m.k. 180 cm á hæð.
3. Veggir skulu vera úr traustu efni í a.m.k. 1 m hæð frá gólfi, þar fyrir ofan má nota vírnet sem er a.m.k. 2 mm í þvermál og möskvastærð undir 5 cm. Sé vírnet á milli tveggja búra skal vera bil á milli sem hindrar að hundarnir snertist. Liggja búið ekki að öðru búi má veggur útisvæðis vera úr vírneti. Þak, eða sambærilegt skjól, skal vera á hluta útisvæðis til að verja hundinn gegn sól og veðrum.
4. Búr skulu þannig hönnuð að hundarnir sjái út úr þeim og skal útsýnið tryggja þeim sjónræna örvun.

## B. Búr fyrir ketti skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Búr fyrir einn kött skal vera a.m.k. 1,0 m<sup>2</sup> og engin hlið styttri en 90 cm. Séu fleiri kettir saman í búi skal reikna 0,75 m<sup>2</sup> í gólfrymi fyrir hvern kött umfram einn. Loft-hæð skal vera a.m.k. 180 cm. Kettir skulu hafa dýnur til að liggja á sem eru nægilega stórar og þykkar svo þeir geti legið án óþæginda.
2. Í hverju búi skal vera hilla til að liggja á. Hillan skal vera í a.m.k. 90 cm hæð frá gólfi.
3. Í búrinu skal vera a.m.k. 1 kassi með kattasandi. Allan kattasaur skal fjarlægja daglega.
4. Í búrinu skal vera klóskerpa.
5. Kettirnir skulu geta séð út úr búrinu og skal útsýnið tryggja þeim sjónræna örvun.
6. Skilrúm milli búra skulu vera heil.
7. Öll vírnet í kattabúrum skulu vera a.m.k. 1,6 mm í þvermál og möskvastærð undir 2,5 cm.
8. Kettir sem vanir eru útivist skulu hafa aðgang að útisvæði eða fá að koma út daglega.

## 13. gr.

*Móttaka og útskrift dýra.*

Tekið skal á móti dýrum á innflutningsstað og þau flutt í einangrunarstöð á fyrirfram ákveðnum dögum, sem yfirdýralækni og héraðsdýralækni er tilkynnt um með a.m.k. viku fyrirvara.

Öll dýr sem dvelja samtímis í stöðinni skulu tekin inn á þriggja til fimm daga tímabili og útskrifuð á þriggja til fimm daga tímabili 28 dögum síðar.

## 14. gr.

*Flutningur dýra frá innflutningsstað til einangrunarstöðvar.*

Einungis þeir sem uppfylla skilyrði reglugerðar þessarar og fengið hafa leyfi landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt henni, hafa heimild til flutnings dýra frá innflutningsstað til einangrunarstöðvar.

Yfirdýralæknir skal setja flutningsaðila verklagsreglur.

- A. Bifreið sem notuð er til flutninga á dýrum frá innflutningsstað til einangrunarstöðvar skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
1. Læsingar á öllum hurðum bifreiðarinnar skulu vera í lagi.
  2. Yfirborð hliða, gólfs og þaks þess rýmis sem búrin eru höfð í skal vera þannig að auðvelt sé að þrifa og sótthreinsa það.
  3. Tækjabúnaður til að halda hitastigi stöðugu í samræmi við þarfir dýranna skal vera til staðar.
  4. Tækjabúnaður til að tryggja góða loftræstingu skal vera til staðar og í lagi.
  5. Gólf sem búr eru staðsett á skal einangrað þannig að dýrin verði sem minnst vör við hristing og titring.
  6. Ökumaður skal geta fylgst með dýrunum í baksýnispegli eða með myndavél.
  7. Búnaður til að festa búrin niður skal vera til staðar og í lagi.
  8. Flutningsrými og stjórnrymi bifreiðarinnar skulu fullkomlega aðskilin.
  9. Í bifreiðinni skal vera búnaður til skyndihjálpar sem inniheldur a.m.k. vatn, sápu, sótthreinsiefni og sárabindi.
  10. Óheimilt er að nota bifreiðina til flutninga á öðrum dýrum en þeim sem flytja á frá innflutningsstað til einangrunarstöðvar.
- B. Búr sem dýr eru flutt í frá innflutningsstað til einangrunarstöðvar skulu uppfylla skilyrði 3. gr. reglugerðar um innflutning gæludýra og hundasæðis.
- C. Þegar dýr er sótt á innflutningsstað skal eftirfarandi reglum fylgt:
1. Dýrið skal sótt eigi síðar en 6 klukkustundum eftir komu þess til landsins. Ef óviðráðanlegar aðstæður koma í veg fyrir þetta skal flutningsaðili tilkynna það til héraðsdýralæknis, sem tekur ávörðun um hvernig málið skuli leyst.
  2. Þegar dýr er sótt skal flutningsaðili framvísa afriti af innflutningsleyfi þess.
  3. Héraðsdýralæknir eða fulltrúi hans og tollverðir skulu bera saman frumrit innflutningsleyfisins og þess afrits sem flutningsaðili vísar fram og veita leyfi til afhendingar ef allt er í lagi.
- D. Við flutning á dýrum frá innflutningsstað til einangrunarstöðvar skal eftirfarandi reglum fylgt:
1. Dýrið skal flutt í búri sínu beint úr einangrunaraðstöðu í flutningabifreiðina.
  2. Þannig skal gengið frá búrinu að það geti ekki oltið.
  3. Óheimilt er að hleypa dýrinu út úr búrinu á meðan á flutningi stendur.

4. Tryggt skal að dýrin komist ekki í snertingu við önnur dýr eða fólk.
5. Allar dyr bifreiðarinnar skulu lokaðar og hurðir læstar á meðan á flutningi stendur.
6. Tryggt skal að hitastig í flutningsrými fari ekki niður fyrir 7°C og ekki yfir 30°C.
7. Farið skal með dýrið rakleiðis í viðkomandi einangrunarstöð. Flutningur dýrs frá innflutningsstað til einangrunarstöðvar má ekki taka lengri tíma en 6 klukkustundir. Flutningsaðila er skylt að tilkynna héraðsdýralækni ef af óviðráðanlegum ástæðum reynist ekki unnt að flytja dýrið til einangrunarstöðvar innan tilskilins tíma. Héraðsdýralæknir tekur ákvörðun um hvernig við skuli brugðist.
8. Þurfi dýrið að fara hluta leiðar til einangrunarstöðvar með innanlandsflugi, skal það flutt í búrinu úr bílnum rakleiðis inn í flugvélina. Þegar á áfangastað er komið skal búið að afhent flutningsaðila sem leyfi hefur samkvæmt reglugerð þessari og flutt úr flugvél rakleiðis í flutningabifreið.
9. Þurfi dýrið að fara hluta leiðar í einangrunarstöð með farþegaferju sem tekur ekki bifreiðar, skal það flutt í búrinu úr bílnum rakleiðis inn í sérstakt herbergi í ferjunni. Einungis flutningsaðili, skipstjóri eða ábyrgur aðili af hálfu útgerðaraðila ferjunnar skal hafa aðgang að herberginu. Þegar á áfangastað er komið skal dýrið flutt rakleiðis í einangrunarstöð með sérstakri bifreið, sbr.10. tl. A-liðar.
10. Þegar í einangrunarstöð er komið skal flutningabifreiðinni ekið inn fyrir ysta vegg eða girðingu stöðvarinnar og hliði lokað. Síðan skal dýrið flutt í búrinu inn í stöðvarhúsið.
11. Að flutningi loknum skal bifreiðin þvegin og sóttþreinsuð að innan.

Flutningsaðili skal tilkynna um bit og klór dýrs í flutningi til héraðsdýralæknis, sem skal tryggja að sá sem bitinn var eða klóraður fái lækniástoð.

Flutningsaðili skal skrá alla flutninga á dýrum frá innflutningsstað til einangrunarstöðvar, þar sem fram kemur tegund dýrs, nafn og skráningarnúmer, nafn eiganda, staður og stund, hvaðan ekið var og hvert. Einnig skal hann skrá öll frávik frá eðlilegum gangi flutnings.

#### 15. gr.

##### *Móttaka dýra.*

Við móttöku dýra skal þess gætt að ávallt séu tvær hindranir milli dýrs og svæðis utan einangrunarstöðvar til að hindra strok. Kettir skulu hafðir í flutningsbúrum alla leið inn í einangrunarstöð.

Dýralæknir einangrunarstöðvar skal framkvæma heilbrigðisskoðun á dýrunum og meðhöndla þau samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, innan þriggja daga frá komu þeirra í einangrunarstöð. Meti dýralæknirinn dýr óhæft til að vera í stöðinni, skal hann umsvifalaust tilkynna það eiganda þess og héraðsdýralækni sem sker úr um áframhaldandi málsmeðferð.

Við innritun dýrs í einangrun, skal eigandi gera skriflega grein fyrir sérstökum aðstæðum sem taka þarf tillit til, s.s. fóðrunar. Komi upp vandamál á einangrunartímanum, t.d. vegna dýraverndarsjónarmiða, skal umsjónarmaður einangrunarstöðvar tilkynna það héraðsdýralækni sem sker úr um framhald málsins.

#### 16. gr.

##### *Útskrift dýra.*

Héraðsdýralæknir, eða fulltrúi hans útskrifa dýr úr einangrun. Hann, skal skoða dýrin á síðustu þremur dögum einangrunartímans og sannreyna og staðfesta að farið hafi verið eftir öllum ákvæðum reglugerða um innflutning og einangrun gæludýra. Dýraeigendur skulu upplýstir um niðurstöður þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á dýrunum.

## 17. gr.

*Umhirða og fóðrun.*

Á einangrunartímanum skulu dýrin fóðruð og hirt daglega og skal fóðrun hagað eftir þörfum hvers dýrs.

Nema annað sé sérstaklega ákveðið skal fóðra ketti og smáhunda tvisvar á dag, en aðra hunda a.m.k. einu sinni á dag.

Deili tvö eða fleiri dýr búi skal séð til þess að þau fái öll nægjanlegt magn fóðurs. Dýrunum skal stöðugt séð fyrir hreinu drykkjarvatni. Vigta skal dýrin tvisvar í viku allan tímann sem þau dvelja í einangrunarstöð.

Reglulega skal kempa dýrunum og klippa klær hunda.

## 18. gr.

*Rannsóknir og lyfjameðhöndlun.*

Innan þriggja daga frá komu dýra í einangrunarstöð skal dýralæknir stöðvarinnar taka úr þeim öll nauðsynleg sýni eftir nánari fyrirmælum yfirdýralæknis og meðhöndla dýrin síðan gegn sullaveikifári (bandorminum *Echinococcus multilocularis*) og öðrum inn- og útvortis sníkjudýrum.

Innan þriggja daga fyrir brottför úr einangrunarstöð skal dýralæknir einangrunarstöðvar meðhöndla dýrin gegn inn- og útvortis sníkjudýrum. Saurssýni skulu rannsökuð m.t.t. innvortis sníkjudýra á rannsóknarstofu sem yfirdýralæknir viðurkennir.

## 19. gr.

*Afþreying.*

Dýrum sem dvelja í einangrunarstöð skal daglega séð fyrir afþreyingu, sem miðast við tegund og aldur.

## 20. gr.

*Skýrsluhald.*

Halda skal skrá fyrir hvert dýr um eftirfarandi upplýsingar:

1. Lýsingu á dýrinu, nafn þess, örmerkisnúmer, nafn og heimilisfang eiganda.
2. Útflutningsland.
3. Dagsetningu komu og brottfarar dýrsins til og frá einangrunarstöð.
4. Upplýsingar frá eiganda dýrsins eða dýralækni um fyrri sjúkdóma, lyfjameðhöndlunir o.s.frv.
5. Upplýsingar um allar vigtanir, matarlyst, geðsveiflur o.s.frv.
6. Skrá yfir hirðingu og afþreyingu.
7. Upplýsingar um veikindi og lyfjameðhöndlunir.
8. Upplýsingar um flutninga innan einangrunarstöðvar.

Skýrslur um einstök dýr skulu geymdar í einangrunarstöðinni í 2 ár eftir brottför dýrsins og getur eigandi dýrsins fengið afrit þeirra óski hann þess.

## 21. gr.

*Vöktun og eftirlit með dýrum.*

Eftirlit skal haft með dýrum í einangrunarstöð á a.m.k. 4 tíma fresti yfir daginn og skulu dýrin ekki vera án eftirlits í meira en 12 tíma að nóttunni. Vakthafandi starfsmaður skal geta verið kominn í einangrunarstöð innan 5 mínútna eftir að viðvörunarkerfi gerir aðvart um að eitthvað sé að.

Starfsfólk skal hafa daglegt eftirlit með heilbrigði dýranna. Dýralækni einangrunarstöðvarinnar skal tilkynnt tafarlaust um dýr sem sýna einkenni um veikindi, breytta hegðun eða óróleika.

## 22. gr.

*Sjúkdómar og dauðsföll*

Eigendum og héraðsdýralækni skal tilkynnt um veikindi dýra innan 24 tíma. Dýralæknir einangrunarstöðvar skal skoða dýrið og meðhöndla ef þörf krefur, á kostnað eiganda.

Purfi að flytja dýr út af einangrunarstöð vegna sérstakra aðgerða skal dýralæknir stöðvarinnar leita samþykkis héraðsdýralæknis fyrirfram.

Dauða dýra skal tafarlaust tilkynna eigendum og héraðsdýralækni. Umsjónarmaður stöðvar skal sjá til þess að dýrin verði krufin og orsök dauða þeirra fundin. Kostnaður vegna krufningarinnar skal greiddur af yfirdýralækni.

Einangrunarstöð ber ábyrgð á dýrunum meðan þau eru í einangrun eftir almennum reglum íslensks skaðabótaréttar. Mjög verðmæt dýr ber eiganda að tryggja sérstaklega.

## 23. gr.

*Almennar hreinlætisreglur og smitvarnir.*

Starfsfólk einangrunarstöðvar skal klæðast sérstökum hlífðarfatnaði sem einungis er notaður innan hennar. Skipt skal um fatnað í sérstöku fataskiptarými sem staðsett skal við inn- gang á það svæði einangrunarstöðvar sem starfsfólki einu er heimill aðgangur að. Starfsfólk skal fara í sturtu og sótthreinsa sig við brottför úr stöðinni til að hindra dreifingu smitefna frá henni.

Eftir hvert tímabil sem dýr dvelja í einangrunarstöð skal stöðin þrífing og sótthreinsuð og látin standa auð í a.m.k. tvo sólarhringa áður en ný sending dýra er tekin inn.

Verklagsreglur um þrif og sótthreinsun og umhirðu dýranna skulu samþykktar af yfirdýralækni.

Komi upp grunur um smitsjúkdóm á einangrunarstöð skal dýralæknir stöðvarinnar tilkynna héraðsdýralækni það án tafar. Dýralæknir stöðvarinnar, eða staðgengill hans, skal vera aðgengilegur allan sólarhringinn vegna neyðartilfella.

## 24. gr.

*Meðferð úrgangs.*

Um meðferð úrgangs fer eftir reglugerð nr. 805/1999, um úrgang. Saur dýra í einangrunarstöð og skólp skal leitt í sérstaka rotþró.

## 25. gr.

*Fræðsla starfsfólks.*

Starfsfólk einangrunarstöðvar skal frætt um einkenni og afleiðingar hundaeðis svo og um varnir gegn smiti almennt.

## 26. gr.

*Dýralæknir einangrunarstöðvar.*

Einangrunarstöð skal tilnefna sérstakan dýralækni, einn eða fleiri eftir þörfum og tilkynna það yfirdýralækni.

Dýralæknir einangrunarstöðvar skal halda skrá um heilsufar og fjölda dýra í einangrunarstöð hverju sinni og vitja sjúkra dýra og meðhöndla ef þörf krefur. Dýralæknir einangrunarstöðvar skal senda tilkynningu um grun um smitsjúkdóm og skal hún vera samkvæmt viðbragðsáætlunum yfirdýralæknis á hverjum tíma.



## III. KAFLI

**Sóttkví.**

27. gr.

*Sóttkví.**Innflutningur fiska, vatnadýra, nagdýra, kanína og búrfugla.*

Innflytjendur fiska, vatnadýra, nagdýra, kanína og búrfugla skulu hafa aðstöðu til einangrunar sem yfirdýralæknir samþykkir og ber hann jafnframt ábyrgð á nauðsynlegu eftirliti.

Sóttkví hjá verslunaraðilum skal vera lokað rými þar sem tiltekinn starfsmaður ber ábyrgð á allri umönnun dýra og umgengni og hefur einn aðgang að sóttkvínni. Starfsmaður skal nota sérstakan hlífðarfatnað við störf sín í sóttkvínni sem ekki er notaður utan hennar. Starfsmaður skal gæta fyllsta hreinlætis, m.a. skal hann ætíð þvo og sóttthreinsa hendur sínar að loknum störfum sínum í sóttkvínni.

Nægilegt búrarými skal vera til staðar, loftræsting og niðurfall. Fóðurleifum, sjálf-dauðum dýrum og öðru sem dýrin leggja frá sér skal safnað saman og fargað í samræmi við ákvæði 24. gr. reglugerðar þessarar. Á milli sendinga skal rýmið þrifið og sóttthreinsað.

Sóttkví hjá einkaaðilum skal uppfylla ofangreind skilyrði eftir því sem við á, þó er ekki krafist lokaðs rýmis.

Ekki mega vera önnur dýr á heimilinu meðan á einangrunartíma í heimasóttkví stendur.

Aðilar sem sinna dýrum í sóttkví skulu fara eftir verklagsreglum yfirdýralæknis við alla umgengni og umönnun dýranna.

## IV. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

28. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

29. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Einangrunarstöðvar sem starfræktar eru við gildistöku reglugerðar þessarar og ekki uppfylla ákvæði um byggingar og innréttingar skal gefinn frestur til 1. júlí 2004 til að uppfylla þau ákvæði er um ræðir.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. júní 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

# SAMÞYKKT

## um búfjárhald í Snæfellsbæ.

### 1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi utan lögbýla í Snæfellsbæ, koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt og ágang búfjár á lóðir í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Ennfremur að hafa eftirlit með að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og vel við haldið í samræmi við lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., og ákvarðanir bæjarstjórnar á hverjum tíma.

Bæjarstjórn getur falið landbúnaðarnefnd bæjarins framkvæmd málaflokksins.

### 2. gr.

Búfjárhald er óheimilt innan þéttbýlis á eftirtöldum stöðum, Ólafsvík, Rifi, Hellissandi, Hellnum og Arnarstapa. Einnig er búfjárhald óheimilt í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðuðum svæðum í Snæfellsbæ án leyfis bæjarstjórnar.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess og húsakost ásamt öðru sem máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu. Ennfremur skal fylgja umsókninni staðfesting á aðgengi að hagagöngu og beitilandi, eftir því sem við á.

Óheimilt er að veita leyfi til búfjárhalds nema á svæðum sem skipulögð eru undir búfjárhald.

### 3. gr.

Telji bæjarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er, skal veita honum leyfi til búfjárhalds og skal það takmarkast við ákveðinn fjölda búfjár. Leyfisveiting búfjárhalds skuldbindur þó ekki Snæfellsbæ til að sjá búfjáreigendum fyrir beitilandi fyrir búféð né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhalds.

### 4. gr.

Brjótí umráðamaður búfjár sem fengið hefur leyfi sbr. 3. gr., gegn lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., reglugerðum settum skv. þeim eða gegn samþykkt þessari, má afturkalla leyfið með viku fyrirvara.

Ef búfé er haldið í Snæfellsbæ án leyfis, er bæjarstjórn heimilt að krefjast þess að lög-  
reglustjóri taki viðkomandi búfé úr vörslu búfjáreiganda.

### 5. gr.

Búfé skal greinilega markað eða merkt leyfishafa í samræmi við reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998, ásamt síðari breytingu.

### 6. gr.

Öll lausaganga búfjár er bönnuð innan þeirra girðinga sem umlykja alla þéttbýliskjarna Snæfellsbæjar, þ.e. Ólafsvík, Hellisandi, Rifi, Arnarstapa og Hellnum sbr. ákvæði 3., 4., 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 59/2000 um vörslu búfjár. Búfé sem gengur laust innan girðinganna skal handsamað og tekið í vörslu, sbr. ákvæði 5. gr. sömu reglugerðar.

Ráðstöfun búfjárins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og sérstökum ákvæðum í viðkomandi fjallskilasamþykkt.

## 7. gr.

Lausaganga hrossa í landi Snæfellsbæjar er óheimil. Gangi hross laus í landi Snæfellsbæjar, er heimilt að grípa til ráðstafana skv. 6. gr. samþykktar þessarar, enda hafi eigandi hrossa ekki gert ráðstafanir til að halda þeim innan ákveðins afmarkaðs svæðis.

## 8. gr.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í sveitarfélaginum utan bújarða og svæða sem ekki eru ætluð til búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarstjórn ákveður slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

## 9. gr.

Aðilar sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í sinni umsjón búfé sem fellur undir ákvæði hennar, skulu tilkynna búfjárhald sitt til bæjarstjórnar innan tveggja mánaða frá gildistöku samþykktar þessarar. Bæjarstjórn heldur skrá yfir alla sem halda búfé. Skrá skal bæði hjón, alla aðila, félagsbústjóra og stjórnarformenn annarra félaga.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Rísi mál út af þessari samþykkt, skal farið með það að hætti opinberra mála, skv. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

## 11. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Snæfellsbæjar við tvær umræður, er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 217/1989 um búfjárhald í Neshreppi utan Ennis og reglugerð nr. 343/1990 um búfjárhald í Ólafsvíkurkaupstað.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. maí 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um sérfræðiráð Lýðheilsustöðvar.

## 1. gr.

*Hlutverk sérfræðiráða.*

Sérfræðiráð skulu vera Lýðheilsustöð og öðrum sem starfa að forvörnum til ráðgjafar hvert á sínu sviði. Um hlutverk þeirra vísast að öðru leyti til ákvæða 6.-9. gr. laga um Lýðheilsustöð nr. 18/2003.

## 2. gr.

*Skipun áfengis- og vímuvarnaráðs.*

Heilbrigðisráðherra skipar níu menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann úr ráðinu.

## 3. gr.

*Skipun manneldisráðs.*

Heilbrigðisráðherra skipar sex menn og jafnmarga til vara til setu í manneldisráði. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

## 4. gr.

*Skipun slysavarnaráðs.*

Heilbrigðisráðherra skipar níu menn og jafnmarga til vara til setu í slysavarnaráði. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

## 5. gr.

*Skipun tóbaksvarnaráðs.*

Heilbrigðisráðherra skipar fjóra menn og jafnmarga til vara til setu í tóbaksvarnaráði. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara.

Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

## 6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 18/2003 um Lýðheilsustöð og öðlast gildi 1. júlí 2003.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. júní 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

## AUGLÝSING

### **Persónuverndar um flutning persónuupplýsinga til annarra landa.**

## 1. gr.

*Útvíkkun gildissviðs.*

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu eða í eftirtöldum löndum:

1. Sviss
2. Ungverjaland
3. Kanada

Hið sama á við um vinnslu sem fram fer af hálfu fyrirtækja sem uppfylla í hvívetna skilyrði meginreglna um „örugga höfn“, sbr. leiðbeiningar í „algengum spurningum og svörum“, sem birtar hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2001/EES/51/38, bls. 335.

## 2. gr.

*Fullnægjandi vernd.*

Lög þeirra ríkja sem talin eru upp í 1. mgr. 1. gr. teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og því er heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra ríkja, að fullnægðum skilyrðum laganna.

Hið sama á við um þær meginreglur um „örugga höfn“, sbr. leiðbeiningar í „algengum spurningum og svörum“, sem tilgreindar eru í 2. mgr. 1. gr.

## 3. gr.

*Föst sammingsákvæði.*

Ábyrgðaraðila er heimilt að miðla persónuupplýsingum til ábyrgðaraðila í þriðja ríki, þótt það veiti ekki fullnægjandi persónuupplýsingavernd í skilningi 30. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ef hinn hérlendi ábyrgðaraðili hefur áður gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hefur að geyma þau föstu sammingsákvæði sem birt hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2002/EES/47/12, bls. 78.

Ábyrgðaraðila er heimilt að miðla persónuupplýsingum til vinnsluaðila í þriðja ríki, sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd í skilningi 30. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ef ábyrgðaraðili hefur áður gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hefur að geyma þau föstu sammingsákvæði sem birt eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2003/EES/23/49, bls. 316.

## 4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001.

*Persónuvernd, 22. maí 2003.*

**Valtýr Sigurðsson** formaður.

*Sigrún Jóhannesdóttir.*

**AUGLÝSING****um deiliskipulag 1,2 ha spildu úr landi Óskots fyrir 2 frístundahús, Mosfellsbæ.**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag 1,2 ha spildu úr landi Óskots fyrir 2 frístundahús, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 21. maí 2003.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskránr. 9500-0020, úr landi Óskots, suðaustan við Hafvatn, alls 1,2 ha. Spildunni verður skipt í tvær lóðir fyrir frístundahús og verður heimilt að reisa eitt hús á hvorri lóð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Mosfellsbæ, 10. júní 2003.*

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. júní 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „og hafnarsjóða“ í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 3. gr., 23. gr. og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2003.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. júní 2003.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingvi Már Pálsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

1. gr.

d. liður 16. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

- d. Starfsemi Þjóðkirkjunnar og annarra opinberlega viðurkenndra trúfélaga, starfsemi deilda inna slíkra trúfélaga, svo og hver önnur viðurkennd kirkjuleg starfsemi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. júní 2003.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (VI).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 frá 5. júní 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 sem vísað er til í VI. viðauka (félagslegt öryggi) við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2002 frá 19. apríl 2002, skal öðlast gildi hér á landi að því leyti sem ákvæði hennar lúta að atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 1386/2001 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá fjármálaráðuneytinu nr. 357/2003 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 356/2003 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

## 2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2002, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 29, 13. júní 2002, bls. 14, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 356/2003.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og 35. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. maí 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Gylfi Kristinsson.*

10. júní 2003

Nr. 441

## REGLUGERÐ

### um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2003-2004.

## 1. gr.

*Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.*

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2003-2004 skal vera 105 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 2002-2003.

## 2. gr.

*Aðilaskipti að greiðslumarki.*

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir skv. könnun sem Bændasamtök Íslands annast. Aðilaskipti að greiðslumarki skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Bændasamtök Íslands láta í té og liggja frammí á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýlinu. Þá skal seljandi leggja fram þinglýsingarvottorð fyrir það lögbýli sem selt er frá og skriflegt samþykki allra veðhafa fyrir sölunni. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 2003-2004 skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands í síðasta lagi fyrir 20. júní 2004 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir.



## 3. gr.

*Nýting greiðslumarks.*

Afurðastöð skal greiða framleiðanda lágmarksverð fyrir mjólk sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Fyrir aðra mjólk sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk greiðir afurðastöð verð allt niður að leyfilegum afföllum frá verði 1. flokks mjólkur.

Greiðslutilhöggun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hafa forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkur-samlagssvæði.
- b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra samlagssvæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild framkvæmdanefndar búvörusamninga, sbr. 3. mgr.

Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. staflidum a-c að ofan skal markaðsfærð erlendis, þó getur framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

## 4. gr.

*Brottfall og geymsla greiðslumarks.*

Greiðslumark lögbýla sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár fellur niður, enda hafi Bændasamtök Íslands tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu lengst til 1. september 2005 og sætir það þá ekki sömu breytingum og annað greiðslumark.

## 5. gr.

*Beingreiðslur.*

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af lágmarksverði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- A: 53,5% beingreiðslna skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 85% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 2003.
- B: 31,5% beingreiðslna skal greiða eftir framleiðslu allt að greiðslumarki hvers framleiðanda. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 2003.
- C: 15% beingreiðslna skal ráðstafað með eftirfarandi hætti: greiða skal 16/30 hluta fjárhæðarinnar á innvegið magn mjólkur í mánuðunum nóvember til og með febrúar. Finna skal meðalgreiðslu fyrir hvern dag í þessum mánuðum að teknu tilliti til breytinga á lágmarksverði mjólkur og þeirri fjárhæð sem þannig er fundin skal deilt á innvegið magn mjólkur í hverjum mánuði fyrir sig. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar. Á sama hátt skal greiða 4/30 hluta fyrir innvegna mjólk í september, 2/30 hluta fyrir innvegna mjólk í október, 3/30 hluta fyrir innvegna mjólk í júlí og 5/30 hluta fyrir innvegna mjólk í ágúst.

Að því marki sem beingreiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt samkvæmt staflidum A og B hlutfallslega út á framleiðslu umfram greiðslumark hvers lögbýlis þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr.

Framleiðendur geta einungis öðlast rétt til beingreiðslna fyrir mjólk sem framleidd er á því lögbýli sem greiðslumark fylgir innan verðlagsárs.

## 6. gr.

*Handhafar beingreiðslna.*

Beingreiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beingreiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beingreiðslna. Jafnframt skulu handhafar beingreiðslna tilgreina sérstakan reikning í bönkum eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

## 7. gr.

*Uppgjör beingreiðslna.*

Sjái handhafi beingreiðslna fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til 85% af beingreiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Bændasamtökum Íslands, sem þá skulu haga beingreiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber handhafa beingreiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

## 8. gr.

*Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.*

Bændasamtök Íslands reikna út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslna og láta afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra. Bændasamtök Íslands afla upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hafa eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum og framleiðendum er skylt að láta Bændasamtökum Íslands í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf Bændasamtakanna og þær geta veitt.

## 9. gr.

*Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.*

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýla. Framleiðendur eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Bændasamtökum Íslands innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Bændasamtök Íslands endurskoða útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynna framleiðanda niðurstöðu sína. Berist Bændasamtökum Íslands ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutadæigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kærú til úrskurðarnefndar, sbr. 10. gr.

## 10. gr.

*Úrskurðarnefnd.*

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem liggja skal fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

11. gr.

*Viðurlög og gildistaka.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, gildir fyrir verðlagsárið 2003-2004 og öðlast gildi frá og með 1. september 2003. Jafnframt er felld úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 437/2002 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2002-2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júní 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt lögum nr. 139, 21. desember 2001 og orkulögum, nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, er taki gildi frá 30. júní 2003.

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 961, 19. desember 2001, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir varmaorku og raforku hækka um 3,4%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 11. júní 2003.*

**Kristján Skarphéðinsson**

*Guðrún Skúladóttir.*



